

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

„Fíflí finnst gaman að ríða á drasli“

Um beygingu karlmannsnafna sem enda á -il-, -ul- eða -al-

Ritgerð til BA í íslensku sem öðru máli

Sunna Strandsten

Kt.: 130380-2989

Leiðbeinandi: Margrét Jónsdóttir

Máí 2016

ÁGRIP

Þessi ritgerð er lögð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Í ritgerðinni er fjallað um sterk tvíkvæð karlkynsorð sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-* og beygingu orðanna. Slík orð eru stundum mynduð með viðskeyti af sagnorðum eða nafnorðum en alls ekki alltaf. Aðalviðfangsefni ritgerðarinnar er tvíkvæð karlmannsnöfn sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*. Í mannanafnaskrá 1. janúar 2016 voru sextán karlmannsnöfn sem hafa þessar endingar.

Farið er yfir fræðilegar forsendur í öðrum kafla. Fjallað er almennt um beygingu sterkra tvíkvæðra karlkynsorða sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*. Aðaláherslan er á þágufall eintölu. Auk þess er getið um orðmyndunaraðferðir og viðskeyti. Í þriðja kafla eru sextán karlmannsnöfn skoðuð ein og sér. Sagt er frá beygingu, uppruna og myndun þeirra. Að lokum í fjórða kafla eru þessi nöfn borin saman við nokkur nýyrði og tökuorð. Sérstaklega er rætt um beygingu nafnsins *Kristall* sem er frekar flókin. Í ljós kemur að til eru fleiri orð sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-* en beygjast þó ekki eftir þeim reglum sem rætt var um í öðrum kafla.

Í mínum huga hefur beyging orða verið eitt mikilvægasta atriðið við að læra íslensku sem annað mál, jafnt í íslenskunáminum í háskólanum sem og utan kennslustofu. Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða einn lítinn part af íslenskri beygingarfræði.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP.....	1
EFNISYFIRLIT	2
1. KAFLI INNGANGUR.....	4
2. KAFLI FRÆÐILEGAR FORSENDUR	6
2.1 <i>Inngangur</i>	6
2.2 <i>Beyging sterkra karlkynsorða</i>	6
2.3 <i>Um þágufall eintölu sterkra karlkynsorða</i>	8
2.4 <i>Um orðmyndun</i>	11
2.5 <i>Um viðskeyti</i>	11
2.6 <i>Samantekt</i>	13
3. KAFLI MANNANÖFN	14
3.1 <i>Inngangur</i>	14
3.2 <i>Lög um mannanöfn</i>	14
3.3 <i>Um myndun mannanafna</i>	15
3.4 <i>Karlmansnöfn sem enda á -il-, -ul-, -al-</i>	16
3.5 <i>Heimildir um mannanöfn</i>	17
3.6 <i>Nöfnin</i>	18
3.6.1 <i>Egill</i>	18
3.6.2 <i>Engill</i>	19
3.6.3 <i>Fífill</i>	19
3.6.4 <i>Hergill</i>	20
3.6.5 <i>Hnefill</i>	21
3.6.6 <i>Jökull</i>	21

3.6.7	<i>Ketill</i>	22
3.6.8	<i>Kristall</i>	23
3.6.9	<i>Röðull</i>	24
3.6.10	<i>Skefill</i>	24
3.6.11	<i>Smyrill</i>	24
3.6.12	<i>Virgill</i>	25
3.6.13	<i>Vífill</i>	25
3.6.14	<i>Yrkill</i>	26
3.6.15	<i>Þengill</i>	26
3.6.16	<i>Þyrill</i>	27
3.7	<i>Samantekt</i>	27
4.	KAFLI ÚRVINNSLA.....	30
4.1	<i>Inngangur</i>	30
4.2	<i>Um myndun nýyrða og tökuorða</i>	30
4.3	<i>Afleidd mannanöfn</i>	31
4.4	<i>Mannanöfn sem hafa samnafn að fyrirmynd</i>	32
4.5	<i>Nafnið Kristall og nokkur sambærileg tökuorð</i>	33
4.5.1	Um beygingu nafnorðsins <i>kristall</i>	33
4.5.2	Um tökuorðin og beygingu þeirra	34
4.5.3	Um beygingu nafnsins <i>Kristall</i>	38
4.5.4	Orðmyndin <i>kristallur</i>	38
4.5.5	Nokkur eldri orð.....	39
4.6	<i>Samantekt</i>	39
5.	KAFLI LOKAORÐ	41
	HEIMILDASKRÁ	42
	VIÐHENGI 1	44

1. KAFLI

INNGANGUR

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er sterk tvíkvæð karlkynsorð sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*. Í íslensku eru mörg orð af þessari gerð, bæði samnöfn og sérnöfn. Sum orð eru gömul í málinu en mörg nýyrði og tökuorð hafa líka þessar endingar. Höfuðáherslan er lögð á karlmannsnöfn sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*

Í íslensku eru til margar reglur sem segja hvernig orðin eiga að beygjast. Þær hjálpa okkur sem lærum íslensku sem annað mál að fallbeygja orðin rétt. Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða beygingu karlmannsnafna sem eru af áðurnefndri gerð. Spurningin er hvort þessi nöfn beygist eftir þeim almennu beygingarreglum sem eru til. Ef ekki, verður leitað að skýringu á því. Til samanburðar verður skoðuð beyging og myndun nokkurra nýyrða og tökuorða. Í ritgerðinni hefur umræðan um þágufall eintölu sérstaka stöðu.

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Að inngangskafnanum loknum verður í öðrum kafla rætt um beygingu sterkra karlkynsorða. Helstu beygingarreglur sterkra tvíkvæðra karlskynsorða sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-* verða skoðaðar. Fjallað verður t.d. um brottfall úr stofni og þágufallsendinguna *-i*. Einnig verða helstu orðmyndunaraðferðir sýndar. Að lokum er fjallað um viðskeyti.

Karlmannsnöfn sem falla undir viðfangsefni ritgerðarinnar verða skoðuð í þriðja kafla. Í byrjun er í fáum orðum sagt frá lögum um mannanöfn og helstu orðmyndunaraðferðir mannanafna verða ræddar. Þar á eftir verða nöfnin skoðuð ein og sér og getið verður um uppruna og aldur þeirra. Áherslan er þó á beygingu nafnanna.

Í fjórða kafla er svo unnið úr efni annars og þriðja kafla. Flest nöfnin verða borin saman við ýmis nýyrði og tökuorð. Um beygingu þessara orða verður rætt í ljósi þeirra beygingarlegu staðreynda sem komu fram í öðrum kafla. Lokaorð eru í fimmta kafla.

Í ritgerðinni hefur verið stuðst við nokkur meginrit. Helstu heimildir annars kafla, kaflans um fræðilegu forsendurnar, eru *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði* (2005) eftir Guðrúnu Kvaran, *Handbók um málfræði* (1995, 2006) eftir Höskuld Þráinsson og *Íslenska fyrir útlendinga. Kennslubók í málfræði* (1998) eftir Ástu Svavarsdóttur og Margréti Jónsdóttur. Aðalheimildir í þriðja kafla um mannanöfnin eru

Nöfn Íslendinga (2011) eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson og *Íslensk orðsifjabók* (1989) Ásgeirs Blöndal Magnússonar. Í úrvinnslunni í fjórða kaflanum er vísað í áður nefndar heimildir. Beyging orða er skoðuð í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls, Íslenskri orðabók* (2010) og *Stafsetningarorðabókinni* (2006). Auk þess eru nokkrar málfræðilegar greinar notaðar sem heimildir.

2. KAFLI

FRÆÐILEGAR FORSENDUR

2.1 *Inngangur*

Í þessum kafla verður fjallað um fræðilegar forsendur fyrir umfjölluninni. Í kafla 2.2 verður gerð grein fyrir almennum beygingarreglum þeirra sterku karlkynsorða sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*.¹ Sérstaklega verður hugað að myndun þágufalls eintölu. Það er í kafla 2.3. Þar verða borin saman sterk, tvíkvæð karlkynsorð sem annaðhvort verða fyrir brottfalli úr stofni eða ekki. Þar á eftir, í kafla 2.4, verður fjallað stuttlega um helstu aðferðir til orðmyndunar. Síðan, í kafla 2.5, verður rætt um ýmis viðskeyti, merkingu og tíðni þeirra. Að lokum verður stutt samantekt í kafla 2.6.

Í þessari ritgerð verður aðeins fjallað um nafnorð en um lýsingarorð til samanburðar. Ástæðan er sú að viðskeytin *-il-*, *-ul-* og *-al-* eru notuð til að mynda bæði nafnorð (no.) og lýsingarorð (lo.). Þetta er einkum í kafla 2.5.

2.2 *Beyging sterkra karlkynsorða*

Karlkynsorðum eins og öllum nafnorðunum er skipt í tvo meginflokka eftir beygingarendingum. Orðin beygjast annaðhvort sterkt eða veikt (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:221). Karlkynsorð sem beygjast eftir sterkri beygingu enda á *-ur*, *-l*, *-n*, *-r* eða *-Ø*, önnur beygjast veikt (sbr. Ástu Svavarsdóttur og Margréti Jónsdóttur 1999:45). Nafnorðin beygjast í föllum: nefnifalli (nf.), þolfalli (þf.), þágufalli (þgf.) og eignarfalli (ef.). Flest orð eru til bæði í eintölu (et.) og fleirtölu (flt.). Þrjú föll, nefnifall eintölu, eignarfall eintölu og nefnifall fleirtölu, eru kölluð kenniföll: Þau eru mikilvægur leiðarvísir fyrir beygingu orða. Sterk karlkynsorð enda í eignarfalli eintölu annaðhvort á *-s* eða *-ar*.² Aðalendingar í nefnifalli fleirtölu eru *-ar* og *-ir* en endingin getur líka verið *-ur* eða *-Ø* (sbr. Höskuld Þráinsson 1995, 2006:200–201).

¹ Stundum er talað um viðskeytin *-ill*, *-ull* og *-all* en hér verður talað um viðskeytin *-il-*, *-ul-* og *-al-* þar sem seinni *-l* er beygingarending.

² Karlkynsorðin *bróðir* og *faðir* og mánaðanöfnin fá eignarfallsendinguna *-Ø*, þ.e. enga yfirborðsendingu.

Karlkynsorð sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-* eru sterkar beygingar (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:223–225). Dæmi um slík orð eru t.d. *sendill*, *jökull* og *hraðall*. Beyging orðsins *sendill* í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamals*, hér eftir skammstafað *BÍN*, er þessi:

Tafla 1: Beyging orðsins *sendill* (*BÍN*)

nf.et.	sendil-l	nf.ft.	sendl-ar
þf.et.	sendil-	þf.ft.	sendl-a
þgf.et.	sendl-i	þgf.ft.	sendl-um
ef.et.	sendil-s	ef.ft.	sendl-a

Karlkynsorð sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-* fá alltaf endinguna *-s* í eignarfalli eintölu og mynda fleirtölu með *-ar* (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:222–226). Þetta kemur líka fram í næstu töflu:

Tafla 2: Beyging nokkurra orða í kenniföllum (*BÍN*)

nf.et.	ef.et.	nf.ft.
sendill	sendil-s	sendl-ar
jökull	jökul-s	jökl-ar
hraðall	hraðal-s	hraðl-ar

Eins og sjá má eru orð sem enda á *-il-*, *-ul-* og *-al-* tvíkvæð enda bætist viðskeytið við rót orðsins eins og nánar verður rætt í kafla 2.4. Orð sem enda á *-in-*, *-un-* og *-an-*, sbr. t.d. *himinn*, *morgunn* og *aftann*, eru líka tvíkvæð (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:225). Á vissan hátt eru orðin eins, ef svo má að orði komast: Það eina sem skilur þau að er hljómandinn í viðskeytinu: *l:n*. Í íslensku er áherslan á fyrsta atkvæði og í orðum af þessum toga er áherslan þannig á fyrra atkvæðinu en síðara atkvæðið er áherslulaust. Ef beygingarending hefst á sérhljóði verður brottfall úr stofni.³ Áherslulaust sérhljóð fellur þá brott og stofninn verður einkvæður. Á undan endingu sem hefst á samhljóði eða í endingarlausri orðmynd verður engin breyting í stofni (sbr. Ástu Svavarsdóttur og Margréti Jónsdóttur 1999:41). Beyging orðsins *himinn* er þessi:

³ Það er athyglisvert eins og fram kemur hjá Þorsteini G. Indriðasyni (2010:142) að sambærilegt brottfall verður ekki í orðum eins og *heimili*. Ástæðan er ólík myndun orðanna því að *i*-ið sem orðið endar á er ekki beygingarending.

Tafla 3: Beyging orðsins *himinn* (BÍN)

nf.et.	himin-n	nf.flt.	himn-ar
þf.et.	himin-	þf.flt.	himn-a
þgf.et.	himn-i	þgf.flt.	himn-um
ef.et.	himin-s	ef.flt.	himn-a

Í beygingu orðanna *sendill* (Tafla 1) og *himinn* (Tafla 3) sést að brottfall úr stofni verður í þágufalli eintölu og í öllum föllum í fleirtölu. Orðið *ketill* er af sömu gerð og orðið *sendill* og er beyging orðsins þessi:

Tafla 4: Beyging orðsins *ketill* (BÍN)

nf.et.	ketil-l	nf.flt.	katl-ar
þf.et.	ketil-	þf.flt.	katl-a
þgf.et.	katl-i	þgf.flt.	kötl-um
ef.et.	ketil-s	ef.flt.	katl-a

Ef beyging orðanna *sendill* (Tafla 1) og *ketill* (Tafla 4) er borin saman sést að endingarnar eru allar þær sömu. Í báðum orðunum verða breytingar á stofni vegna brottfalls. Sá munur er þó á að í orðinu *ketill* verða hljóðavíxl, *a-e*, sbr. t.d. *ketill* í nefnifalli og *katli* í þágufalli eintölu. En þar sem fleirtölumyndin er með *a* í rót verða hin skyldubundnu víxl *a-ö* í þágufalli fleirtölu, þ.e. *kötlum*. Samkvæmt hefðbundinni greiningu eru víxlin *a-e* kölluð *i*-hljóðvarp en *a-ö* eru kölluð *u*-hljóðvarp (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:219–220).

Nokkur viðskeyti valda *i*- eða *u*-hljóðvarpi í rót. Viðskeytin *-il-* og *-ul-* eru meðal þeirra viðskeyta sem valda þessu hljóðvarpi (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:135–136).⁴ Góð dæmi um slík hljóðvörp eru nafnorðið *ferill* og lýsingarorðið *förull*, bæði mynduð af sögninni *fara* með viðskeyti.

2.3 Um þágufall eintölu sterkra karlkynsorða

Hér á undan var beygingu orðsins *ketill* lýst. Ef litið er til þágufalls var hún í senn óregluleg og regluleg. Hún er óregluleg að því er varðar hljóðbreytingu í rót en regluleg að því er varðar beygingarendinguna.

⁴ Eins og fram kemur hjá Guðrúnu eru viðskeytin *-il-* og *-ul-* talin til viðskeyta I þar sem þau valda hljóðbreytingum í rót, sbr. flokkun Þorsteins G. Indriðasonar (1994:77).

Þágufall sterkra karlkynsorða í eintölu veldur oft erfiðleikum; það er a.m.k. reynsla mín þar sem útlendingar sem lærir íslensku sem annað mál. Vandamálið er yfirleitt fólgið í því hvort viðkomandi orð fái endingu eða ekki. Höskuldur Þráinsson (1995, 2006:201) segir að sterk karlkynsorð fái annaðhvort endinguna *-i* eða séu endingarlaus í þágufalli eintölu. Hann bendir á að orð fái oftast *i*-endingu endi stofninn á tveimur eða fleiri samhljóðum. Á hinn bóginn séu orð oft endingarlaus ef stofninn endar á einu samhljóði. Höskuldur minnir einnig á að stofn sterkra karlkynsorða sjáist í þolfalli eintölu sem er endingarlaus orðmynd. Sem dæmi um orð sem fá sérstaka þágufallsendingu eru t.d. *hestur*, *armur* og *dallur*. Í næstu töflu eru sýndar þolfalls- og þágufallsbeygingar nokkurra sterkra karlkynsorða:

Tafla 5: Beyging nokkurra orða í nefnifalli, þolfalli og þágufalli eintölu (*BÍN*)

nf.et.	þf.et.	þgf.et.
sendill	sendil-	sendl-i
jökull	jökul-	jökl-i
hraðall	hraðal-	hraðl-i
ketill	ketil-	katl-i

Í *Töflu 5* sést að öll orðin fá endinguna *-i* í þágufalli eintölu. Það á jafnt við um orðin *sendill* og *jökull* enda þótt rótargerðin sé ekki sú sama: *-VCC-*: *-VC-*. Vegna brottfalls er stofn tvíkvæðra karlkynsorða til í tveimur myndum eins og komið hefur fram, sbr. t.d. *sendil-* í þolfalli og *sendl-* í þágufalli. Í töflunni sést vel að vegna brottfalls endar stofn þessara orða á tveimur samhljóðum í þágufalli. Þess vegna skapast skilyrði fyrir *i*-endingu hjá orðunum.

Friðrik Magnússon (1984) fjallar um myndun þágufalls eintölu sterkra karlkynsorða í grein sinni *Ein lítil beygingarending*. Eitt þeirra orða sem hann fjallar um er orðið *hamar*. Orðið er tvíkvætt rétt eins og orðin *himinn* og *sendill*. Að því er þágufallið varðar er það grundvallaratriði í greiningu hans að orðin fái endingu en hún falli séu tiltekin skilyrði ekki uppfyllt. Hann lýsir myndun þágufalls orðsins *hamar* þannig að fyrst bætist þágufallsendingin *-i* við stofninn, þ.e. *hamar-i*. Síðan virki svonefnd brottfallsregla og brottfall verði úr stofni á undan endingu sem hefst á sérhljóði, þ.e. *-i* í þágufalli eintölu, eins og minnst var á í kafla 2.2, þ.e. *hamar* > *hamr-*. Við þetta skapist skilyrði fyrir varðveislunni þágufallsendingarinnar, þ.e. *hamr-i*: þágufallsendingin *-i* fellur því ekki brott eins og

oftast gerist ef stofninn endar á einu samhljóði. Í *Töflu 6* má sjá að orðin *himinn* og *jökull* haga sér eins og orðið *hamar*:

Tafla 6: Myndun þágufalls eintölu nokkurra orða

nf.et.	stofn	stofn + þgf. ending	stofn með brottfall	þgf.et.
hamar	hamar-	hamar-i	hamr-	hamr-i
himinn	himin-	himin-i	himn-	himn-i
jökull	jökul-	jökul-i	jökl-	jökl-i

En hér er ekki öll sagan sögð. Lítum nú á tvo orðahópa karlkynsorða, annars vegar orð eins og *hamar*, *himinn* og *jökull* en hins vegar *bikar*, *kopar* og *pipar*.⁵ Þau fá öll endinguna *-s* í eignarfalli eintölu og mynda fleirtölu með *-ar*. Orðin eru öll tvíkvæð. Samt er það svo að munur er á orðunum. Hann birtist t.d. í þágufalli eintölu. Friðrik Magnússon (1984:39) segir að orð eins og *bikar*, *kopar* og *pipar* séu dæmi um tvíkvæð orð þar sem brottfalls gæti ekki. Hann bendir á að slík orð missi þágufallsendinguna *-i* enda endi stofn þeirra á einu samhljóði. Þannig greinist þau því frá orðunum *hamar*, *himinn* og *jökull* sem öll fá þágufallsendingu. Bæta verður við að munurinn á orðunum sést líka t.d. í nefnifalli fleirtölu, sbr. t.d. *hamr-ar* og *bikar-ar*.

Guðrún Kvaran (2005:225) segir að nafnorð sem beygjast eins og *bikar* séu ekki mjög mörg í nútímamáli. Hún bætir því við að aftur á móti séu til mörg slík karlmannsnöfn, þ.e. nöfn þar sem brottfall verður ekki, þ.e. hafa þágufallsendingu. Hún gefur t.d. nöfnin *Einar*, *Gunnar*, *Hjálmar*, *Ingvar* og *Ragnar* sem dæmi. Friðrik Magnússon (1984:41) segir að í sambandi við sérnöfnin komi þrennt til greina í þágufalli. Í fyrsta lagi séu nöfn með þágufallsendingu án þess þó að brottfalls gæti, sbr. t.d. *Gunnar - Gunnari*. Í öðru lagi nöfn þar sem hvorki er brottfall né þágufallsending, sbr. t.d. *Huginn - Hugin*. Í þriðja lagi séu svo nöfn sem í verður brottfall og þágufallsending til staðar, sbr. t.d. *Þráinn - Þráni* og *Baldur - Baldri*.

⁵ Eins og sjá má er hér aðeins rætt um karlkynsorð. Sterk hvorugkynsorð haga sér á annan hátt. Þau enda nánast alltaf á *-i* í þágufalli; undantekningar eru fáar, t.d. orð eins og *fé*, *hné* og *tré* (vegna gerðar), tökuorð eins og *badminton* og *helium*; líka landaheiti eins og *Íran*, *Túnis* og *Níger*. Stundum leikur vafi á endingu, t.d. orð eins *engifer* og *timjan*, bæði tökuorð. Kvenkynsorð koma hér ekki til álita.

2.4 Um orðmyndun

Til að tala íslensku á sómasamlegan hátt er nauðsynlegt að kunna beygja orðin. Það er hins vegar gott að vita hvernig þau eru mynduð. Orð eru ýmissar gerðar. Orðið getur verið myndað af orðhlutum eða öðrum orðum. Orðhluti er partur orðsins sem hefur hlutverk eða merkingu (sbr. Höskuld Þráinsson 1995, 2006:111–112). *Rót* er minnsti orðhlutinn sem hefur merkingu. Við rótina er hægt að bæta aðskeyti, þ.e. *forskeyti* eða *viðskeyti*. Rót ein og sér eða rót með aðskeyti er *stofn* orðs. Aðskeyti getur aldrei staðið sjálfstætt. *Beygingarending* bætist við stofn orðs (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:95–97). Hlutverk hennar er að tákna kyn, fall og tölu viðkomandi orðs (sbr. Höskuld Þráinsson 1995, 2006:36).

Orð sem eru aðeins rót eða rót með beygingarendingu eru *grunnorð*. *Afleidd orð* eru mynduð af öðrum orðum með forskeyti eða viðskeyti. Þessi orðmyndunaraðferð er kölluð *afleiðsla*. *Samsett orð* eru mynduð af tveim eða fleiri stofnum. Þessar þrjár leiðir eru helstu aðferðir til orðmyndunar (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:96, 112, 146).

2.5 Um viðskeyti

Eins og kom fram í kaflanum á undan er viðskeyti orðhluti sem bætist við rótina. Forskeyti er bætt framan við rótina en viðskeyti aftan við hana. Hlutverk viðskeytis er að mynda nýtt orð af öðru orði og afleidda orðið fær þannig aðra merkingu en grunnorðið. Með viðskeyti er hægt að mynda nafnorð, lýsingarorð, sagnir og atviksorð. Afleidd nafnorð geta verið mynduð af sögnum, lýsingarorðum og jafnvel öðrum nafnorðum (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:96, 130, 136).

Viðskeytin hafa oft sérstaka merkingu. Nafnorð með viðskeytinu *-ar-* merkja oftast ekki ‘sá sem gerir e-ð’, sbr. *bakari* og *kennari*. Til grundvallar eru þá sögnin *baka* og *kenna* (sbr. Þorstein G. Indriðason 2008:95, 111). Ari Páll Kristinsson (2004) segir í greininni *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða* að viðskeytið *-il-* (og hliðstæð viðskeyti *-ul-* og *-al-*) sé notað til að mynda nafnorð, oft af sagnorðum en stundum af öðrum nafnorðum. Sem dæmi nefnir hann orðin *sendill*, *ferill*, *vindill*; *trymbill*, *böggull* og *jökull*.⁶ Til grundvallar eru sagnirnar *senda*, *fara* og *vinda* og nafnorðin *trumba*, *baggi* og *jaki*. Ari Páll sýnir fram á að viðskeytið *-ul-* sé einnig notað til að búa lýsingarorð og þá oft af sagnorðum. Ný lýsingarorð fái yfirleitt merkingu ‘sá

⁶ Merking þessara nýju orða er býsna ólík. Orðin *sendill* og *trymbill* eru notuð um lifandi veru, *ferill* er óhlustætt orð en *vindill*, *böggull* og *jökull* eru hlutstæð.

sem gerir mikið'. Sem dæmi nefnir hann orðin *spurull* og *þögull* og til grundvallar eru sagnirnar *spyrja* og *þegja*.

Guðrún Kvaran (2005:130) getur þess á einum stað að hjá Alexander Jóhannessyni sé minnst á 130 viðskeyti sem hafi verið notuð við myndun orða frá fornu máli. Þorsteinn G. Indriðason (2008:94–95) segir í greininni *Um virkar og frjósamar orðmyndunarreglur í íslensku* að í íslensku sé til fjöldi viðskeyta. Sum þeirra séu virk í nútímamáli. Mörg viðskeyti séu þó óvirk eða runnin saman við rót þannig að þau séu nú hvorki notuð við orðmyndun né þekkjanleg. Þorsteinn segir að virkni viðskeyta sé oftast metin út frá því í hve mörgum orðum þau komi fyrir. Hans skoðun er þó sú að líka ætti að skoða hvort viðskeytin séu þekkjanleg í nútímamáli og þannig virk við orðmyndun. Sem dæmi um viðskeyti sem hann telur óvirk við orðmyndun séu t.d. *-d* í orðinu *mold* og *-l* í orðinu *karl*.

Eiríkur Rögnvaldsson (1986) hefur kannað tíðni viðskeyta og í grein sinni *Nokkur viðskeyti og tíðni þeirra* segir hann frá þessari könnun. Eiríkur skoðaði tíðnina út frá textasafni sem í voru 1,4 milljónir lesmálsorða. Í könnuninni sleppti hann viðskeytum sem hann taldi ekki vera virk í nútímamáli eða greinanleg frá rót. Þannig urðu viðskeytin 48 sem skoðuð voru, þar með talin viðskeytin *-il-*, *-ul-* og *-al-* (bæði til að mynda nafnorð og lýsingarorð).

Í áðurnefndri könnun skoðar Eiríkur t.d. í hve mörgum orðum viðskeytið komi fyrir (dálkur *Orð í Töflu 7*) og hve mörgum rótum viðskeytið geti tengst (dálkur *Rót* í sömu töflu). Samkvæmt könnuninni sé langalgengasta viðskeytið lýsingarorðsviðskeytið *-leg-* sem komi fyrir í 13386 orðum af þessum 1,4 milljónum orðum. Algengasta viðskeytið af viðskeytunum *-il-*, *-ul-* og *-al-* notuð til mynda nafnorð er *-il-* eins og má sjá í *Töflu 7*, *-ul-* því næst og síðan *-al-*. Þegar skoðað er hve mörgum rótum viðskeytið geti tengst er *-il-* ennþá algengast af nafnorðsviðskeytum eins og má sjá í áðurnefndri töflu. Þá koma *-ul-* og *-al-*.

Áhugavert er að skoða stöðu lýsingarorða í þessu sambandi. Í lýsingarorðsviðskeytum breytist röðin alveg. Sé miðað við tíðni er röðin *-il-*, *-al-* og *-ul-*. Þannig er viðskeytið *-il-* mjög virkt (í 6. sæti) þegar skoðað er í hve mörgum orðum viðskeytið kemur fyrir. En það dettur niður í næst seinasta sæti þegar skoðað er hve mörgum rótum viðskeyti getur tengst. Eiríkur útskýrir þetta svo að viðskeytið *-il-* komi fyrir aðeins í þremur lýsingarorðum: *heimill*, *mikill* og *lítill*, en í mörgum samsettum orðum. Viðskeytið *-al-* er í seinasta sæti og það er notað einungis í örfáum lýsingarorðum. Það eru orðin *gamall*,

einsamall og fornyrðin *hugall* og *þagall* (bæði merkt sem formál í *Íslenskri orðabók* (2010:441, 1195), hér eftir skammstafað *ÍO*.⁷

Tafla 7: Tíðni viðskeyta í könnun Eiríks Rögnvaldssonar (1986)

Viðskeyti	Orð	Rót
<i>-il-</i> (no.)	10. sæti (kom fyrir 1490 orðum)	11. sæti (tengdist 67 rótum)
<i>-al-</i> (no.)	30. (212)	33. (20)
<i>-ul-</i> (no.)	27. (257)	25. (28)
<i>-il-</i> (lo.)	6. (2337)	47. (3)
<i>-al-</i> (lo.)	14. (982)	48. (2)
<i>-ul-</i> (lo.)	41. (115)	35. (17)

Þessi könnun Eiríks Rögnvaldssonar sýnir að nafnorðsviðskeytið *-il-* er miklu virkara bæði að því er varðar fjölda orða og róta en hin tvö viðskeytin. Í lýsingarorðum kemur viðskeytið *-il-* fyrir í mjög mörgum orðum en viðskeytið *-ul-* er það langvirkasta þegar skoðað er í hve mörgum rótum viðskeyti getur tengst.

2.6 Samantekt

Hægt er að mynda nokkuð nákvæma reglu um beygingu sterkra karlkynsorða sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*. Eignarfallsending eintölu er *-s* og í fleirtölu fá orðin endinguna *-ar*. Þágufall sterkra karlskynsorða veldur oft erfiðleikum en svo er því ekki háttáð með þessi orð eins og lýst var í kafla 2.3.

Orðin geta verið grunnorð, afleidd orð eða samsett orð. Viðskeyti er bætt aftan við rótina til að mynda nýtt, afleitt orð af öðru orði. Viðskeytin *-il-*, *-ul-* og *-al-* eru notuð til að mynda bæði nafnorð og lýsingarorð en viðskeytin eru misvirk. Í þriðja kafla verða skoðuð mannanöfn sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*, hvort sem þau séu viðskeyti eða ekki. Í fjórða kafla verða mannanöfnin borin saman við nýyrði og tökuorð og athugað er hvort og þá hvernig þau falli undir það sem hér hefur verið lýst. Aðaláherslan verður því á beygingu og gerð uppruna orðanna.

⁷ Lýsingarorðið *vesall* lítur út fyrir að vera viðskeytt, þ.e. myndað með *-al-*. En í raun og veru er þetta samsett orð, *vesall*. Ath. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:1126).

3. KAFLI

MANNANÖFN

3.1 *Inngangur*

Í öðrum kafla var fjallað um beygingu sterkra karlkynsorða og helstu orðmyndunaraðferðir. Í þessum kafla verða skoðuð karlmannsnöfn sem falla undir viðfangsefni þessarar ritgerðar og fundist hafa á mannanafnaskrá. Sérstaklega verður rætt um þágufall.

Nöfn karla og kvenna eru mannanöfn og þau teljast vera sérnöfn eins og önnur nafnorð sem eru sérheiti. Sérnöfnum er skipt í þrjú flokka: mannanöfn, dýranöfn og örnefni; auk þess eru til t.d. fyrirtækjaheiti sem falla ekki undir þessa flokkun (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:162–163). Guðrún Kvaran (2012:309, 312) bendir á að mannanöfn teljist til orðaforðans eins og hver önnur orð í málinu svo að beygja þarf öll mannanöfnin, bæði fyrra og síðara eiginnafnið og vanda þarf beygingu þeirra. Þess má jafnframt geta að Langendonck (2007:202) telur eiginnöfn mikilvægasta flokk sérnafna.

Það má telja almenna skoðun að sérnöfn séu undirflokkur samnafna. Mismunandi hegðun þessara tveggja hópa bendir líka til þess. Að mati Saeed (2003:23–32) felst munurinn í því að í eðli sérnafna sé að finna tilvísun enda sé verið að vísa til einstaklinga en ekki hóps. Eindirnar sem mynda hópinn séu skv. eðli sínu óákveðin en verði ákveðin vegna umhverfis. Einstaklingarnir séu hins vegar lifandi verur og þar með ákveðin.

Í kafla 3.2 verður í stuttu máli sagt frá lögum um mannanöfn og í kafla 3.3 verða helstu orðmyndunaraðferðir mannanafna skoðaðar. Mannanöfnin sem eru skoðuð í þessari ritgerð verða kynnt í kafla 3.4 og sýnt verður hve algeng þau eru. Í kafla 3.5 verður sagt frá helstu heimildum sem notaðar eru í kafla 3.6 þar sem mannanöfnin ein og sér verða skoðuð og beygingu þeirra lýst. Beygingin verður borin saman við samsvarandi samnafn er ástæða er til. Að lokum verður samantekt í kafla 3.7.

3.2 *Lög um mannanöfn*

Skyld er að gefa öllum íslenskum börnum nafn. Nafn manns er eiginnafn og kenninafn. Eiginnöfn geta verið alls þrjú og eitt þeirra má vera millinafn. Í lögum um mannanöfn nr. 45/1996 er sagt hvernig eiginnafnið má vera:⁸

⁸ Lögin er að finna á vef Innanríkisráðuneytisins, sjá http://www.urskurdir.is/DomsOgKirkjumala/Mannanafnaskra/Um_nofn/

- nafnið þarf að geta tekið íslenskri eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli
- það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi
- það skal ritað í samræmi við íslenskar ritvenjur nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess
- það má ekki vera þannig að það geti orðið þeim sem ber það til ama.

Öll eiginnöfnin sem teljast heimil samkvæmt áður nefndum mannanafnalögum eru skráð á sérstaka mannanafnaskrá. Skrána er hægt að nálgast á vef Þjóðskrár Íslands (sjá <https://www.island.is/mannanofn/leit-ad-nafni/>). Í lögnum er einungis vikið að eignarfallsendingunni. Það hlýtur m.a. að orsakast af kenninafnaaðferðinni; fólk kennir sig við föður eða móður og er kenninafnið þá í eignarfalli. Þá er eignarfallsformið langoftast myndað með *-s*. Á hinn bóginn er ljóst að þágufallsending sterkra karlkynsorða veldur stundum erfiðleikum. Um það má m.a. sjá mörg dæmi hér á eftir.

3.3 Um myndun mannanafna

Eins og kom fram í kafla 2.4 þar sem rætt var um orðmyndun geta orð verið grunnorð, afleidd orð og samsett orð. Það á einnig við mannanöfn eins og fram kemur hjá Guðrúnu Kvaran (2005:162–163, 385). Hún segir að mörg mannanöfn séu grunnorð. Það merki að um sé að ræða stofn orðs með eða án sérstakrar beygingarendingar. Slík nöfn séu oft úr hinum almenna orðaforða og geti verið t.d. blóma-/viðar- eða fugla-/dýranöfn. Dæmi um mannanöfn sem hafa samnöfn sem fyrirmynd séu *Hrafn*, *Pröstur*, *Björn*, *Reynir* og mörg fleiri.

Guðrún Kvaran (2005:163–164) segir að viðskeytt nöfn séu mynduð með viðskeyti af öðrum mannanöfnum en þessi aðferð sé sjaldnar notuð með karlmannsnöfn.⁹ Hún nefnir *Gerðar* og *Erlar* sem dæmi um slík nöfn; fyrra nafnið sé myndað með viðskeytinu *-ar* og seinna nafnið með viðskeytinu *-r*. Um samsett mannanöfn segir Guðrún að þau séu oft mynduð af öðrum mannanöfnum, séu með forlið og viðlið.¹⁰ Dæmi um samsett karlmannsnafn sé *Porkell* þar sem *Por-* er forliður en *-kell* viðliður.

⁹ Hér virðist Guðrún Kvaran (2005:163) aðeins vísa til karlmannsnafna sem mynduð eru með viðskeyti af kvenmannsnöfnum. Í þessari ritgerð eru þó skoðuð karlmannsnöfn sem eru mynduð með viðskeyti af sagnorði eða nafnorði.

¹⁰ Með forlið á Guðrún (2005:8, 11) við fyrri lið samsetts nafns en viðliður er þá síðari hlutinn. Jafnframt kemur fram að þessi hugtök séu mikið notuð í nafnfræði og þá einmitt um algenga for- og viðliði.

3.4 Karlmannsnöfn sem enda á -il-, -ul-, -al-

Í öðrum kafla var fjallað um sterk karlkynsnafnorð sem enda á -il-, -ul- eða -al-. Hér á eftir verða skoðuð tvíkvæð karlmannsnöfn sem hafa þessar sömu endingar og falla því undir viðfangsefni ritgerðarinnar.

Í janúar 2016 voru sextán slík tvíkvæð karlmannsnöfn á mannanafnaskrá (sbr. Þjóðskrá Íslands 2016): *Egill, Engill, Fífill, Hnefill, Hergill, Jökull, Ketill, Kristall, Röðull, Skefill, Smyrill, Virgill, Vífill, Yrkill, Þengill* og *Þyrill*. Í *Töflu 8* má sjá hve algeng þessi mannanöfn voru sem fyrra eða síðara eiginnafn í þjóðskrá 1. janúar 2015 (sbr. Hagstofu Íslands 2016):¹¹

Tafla 8: Tíðni nafnanna í þjóðskrá 1. janúar 2015 (Hagstofa Íslands 2016)

nafn	sem fyrra eiginnafn	sem síðara eiginnafn
Egill	699	178
Engill	1	3
Fífill	0	3
Hergill	2	1
Hnefill	0	5
Jökull	325	239
Ketill	51	13
Kristall	4	1
Röðull	3	0
Skefill	0	0
Smyrill	2	0
Virgill	3	1
Vífill	26	17
Yrkill	0	1
Þengill	20	9
Þyrill	0	0

¹¹ Nöfnin sextán sem eru á mannanafnaskrá eru með í *Töflu 8* þó að samkvæmt niðurstöðum leitar í þjóðskrá 1. janúar 2015 hafi hvorki fundist dæmi um nafnið *Skefill* né *Þyrill*.

Til samanburðar nefndi Alexander Jóhannesson (1927:16, 36, 108) 35 karlmannsnöfn þessarar gerðar í *Die Suffixe im Isländischen* árið 1927. Nöfnin eru þessi:¹²

- (1) a. Nöfn sem enda á *-il-*:
Egill, Eitill, Ekkill, Endill, Gestill, Ketill, Mettill, Mævill, Myndill, Nirvill, Nævill, Refill, Ristill, Skekkill, Snerill, Sniðill, Stikill, Trandill, Trefill, Vífill, Vinnill, Virfill, Þengill, Þrumill, Þvinnill
- b. Nöfn sem enda á *-ul-*:
Jökull, Möttull, Öngull
- c. Nöfn sem enda á *-al-*:
Atall, Gamall, Hagall, Hamall, Konall, Svipall, Þumall

Athyglisvert er að aðeins fimm af þeim nöfnum sem Alexander nefndi voru á mannanafnaskrá í janúar 2016 og eru þekkt hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011). Þau eru *Egill, Ketill, Vífill, Þengill* og *Jökull*. Þessi nöfn eiga það sameiginlegt að þau eru gömul í málinu og koma fyrir í *Landnámu* (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:168, 360, 371, 617, 628). Eins og má sjá í *Töflu 8* hér á undan eru þau líka einu nöfnin sem fleiri en fimm menn báru 1. janúar 2015.

3.5 Heimildir um mannanöfn

Aðalheimildin um uppruna, aldur og merkingu þessara mannanafna var *Nöfn Íslendinga* eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson (2011) Beyging nafnanna var skoðuð í fjórum heimildum: í *BÍN* og *ÍO*, hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011) og í *Stafsetningarorðabókinni* (2006), hér eftir skammstafað *SO*. *Íslensk orðsifjabók* (1989) Ásgeirs Blöndal Magnússonar var til hjálpar um upprunann. Öll nöfnin fundust aðeins í *BÍN* en hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011) voru nöfnin fimmtán (sjá *Viðhengi I*). Ef samnafn var til staðar var þágufallsbeyging þess skoðuð í *SO* en merking samnafna var oftast skoðuð í *ÍO* en líka hjá Ásgeiri Blöndal Magnússyni. Auk þess var leitað á netinu að dæmum um það hvernig nafnið væri beygt í þágufalli.

¹² Mörg þessara nafna eiga samnöfn sér við hlið. Líka eru dæmi um lýsingarorð. Þar má t.d. nefna *Gamall*. Um *Gamall* og *gamall*, sjá Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:227).

3.6 Nöfnin

Í köflum 3.6.1–3.6.16 hér á eftir verða öll þessi sextán karlmannsnöfn skoðuð ein og sér í stafrófsröð. Auk beygingar þeirra verður rætt um aldur, uppruna og myndun. Jafnframt verður hugað að tíðni nafnanna.

3.6.1 Egill

Egill er algengt nafn á Íslandi. 1. janúar 2015 báru 699 menn nafnið sem fyrra eiginnafn og 178 menn sem síðara eiginnafn (sjá *Töflu 8*). Það er algengasta fyrra eiginnafnið af þeim sextán karlmannsnöfnum sem hér eru til skoðunar. Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson (2011:168) benda á að *Egill* sé gamalt nafn sem kemur fyrir í elstu ritum eins og í *Landnámu* og *Íslendingasögum*. Þau segja rót nafnsins sé oft talin vera nafnorðið *agi* eða *ógn*. Samkvæmt *ÍO* (2010:13, 735) er merking nafnorðsins *agi* ‘ótti, ófriður, órói’ og nafnorðsins *ógn* ‘ótti, skelfing, orrusta, bardagi’. Þannig er nafnið greinilega myndað með viðskeytinu *-il-*.

Öllum heimildum ber saman um beyginguna: *Egill, Egil, Agli, Egils*. Þó kemur fram í *ÍO* (2010:175) að þágufallsbeygingin geti líka verið *Egli*. Þágufallsbeygingin *Agli* hefur varðveist úr fornu máli. Í fornensku var nafnið *Egil* af *Agila* og í gotnesku er það *Agil* (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:168). Þágufallsbeyginguna *Agli* er líka hægt að útskýra með *i*-hljóðvarpi sem var fjallað um í kafla 2.2, sbr. líka *Ketill* í þágufalli *Katli* (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:226). Þó að *Agli* sé hin viðurkennda beyging og sú sem örugglega nánast alltaf er notuð er hægt að finna sjö dæmi um þágufallsbeyginguna *Egli* í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans*, hér eftir skammstafað *ROH*. Dæmi um þessa þágufallsbeygingu fannst líka á netinu en einnig dæmi um beyginguna *Egil*:

- (2) a. urðu þeir Björn og Ólafur samferða þeim Guðmundi og **Egli** niður götu.
ROH: Rvíkurskól II, 66, 20s
- b. . . . eins og á **Egli** Skallagrímssyni. (smásaga 1942)¹³
- c. Sagðist hafa einhverntímann hafa verið í viðtali hjá **Egil** . . . (spjall/blogg 2005)¹⁴
- d. Það var til dæmis alveg frábær þáttur hjá **Egil** Helgasyni í dag . . . (spjall/blogg 2009)¹⁵

¹³ Sótt 8. apríl 2016 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3543383

¹⁴ Sótt 8. apríl 2016 af <http://www.malefnin.com/ib/topic/61402-hvad-med-finn-ingolfsson/>

¹⁵ Sótt 8. apríl 2016 af <http://gudbjornng.blog.is/blog/gudbjornng/entry/839544/>

3.6.2 *Engill*

Engill er ungt nafn á Íslandi og uppruni nafnsins er samnafnið *engill* ‘himnesk vera’ (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:189). Nafnið er ekki algengt og 1. janúar 2015 bar einn maður nafnið sem fyrra eiginnafn og þrír menn sem síðara eiginnafn (sjá *Töflu* 8). Nafnið er aðeins þekkt í *BÍN* og hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011:189) og beygingin í þessum tveim heimildum er: *Engill, Engil, Engli, Engils*. Nafnorðið *engill* beygist eins í þágufalli, þ.e. *engli*, eins og má sjá í dæminu: „mynd af engli“ (sbr. *SO* 2006:129). Samkvæmt Ásgeiri Blöndal Magnússyni (1989:154) er orðið *engill* ‘himnesk vera’, sem barst inn í málið með kristni, af öðrum toga en orðið *engill* sem til var sem auknefni í fornu máli og er skylt orðinu *öngull*. Nú munu flestir eða allir tengja nafnið *Engill* við engilinn, hina himnesku veru. Ekki var hægt að finna dæmi um þágufallsbeyginguna á netinu, greinilega vegna þess að nafnið er svo óalgengt.

3.6.3 *Fífill*

Fífill er ekki algengt nafn á Íslandi og 1. janúar 2015 báru aðeins þrír menn það og þá sem síðara eiginnafn (sjá *Töflu* 8). Öllum heimildum ber saman um beyginguna: *Fífill, Fífil, Fífli, Fífils*. Fyrirmynd nafnsins er samnafnið *fífill* ‘planta’ (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:209). Nafnorðið *fífill* beygist *fífli* í þágufalli eins og má sjá í dæminu: „brekka vaxin fífli“ (sbr. *SO* 2006:148). Ég hef ekki fundið heimildir um aldur nafnsins.

Þó að beyging eiginnafnsins sé regluleg samkvæmt öllum heimildum er mjög áhugavert að skoða þágufallsbeyginguna. Til er hvorugkynsnafnorðið *fífl* sem hefur merkinguna ‘bjálfi, aulabarður, glópur’ (sbr. *ÍO* 2010:224). Alveg ljóst er að þetta neikvæða nafnorð sem einnig er í þágufalli *fífli* hefur áhrif á beygingu eiginnafnsins. Þannig gengur varla segja: „Ég var hjá Fífli í gær“ eða „Ég var hjá Jóni Fífli í gær“.¹⁶ Seinna dæmið er í raun og veru enn verra enda má skilja *Fífli* sem einkunn með eiginnafninu. Á netinu hefur ekki fundist neitt dæmi um þágufallsbeyginguna *Fífli* en hægt var að finna dæmi sem sýnir að maður sem heitir *Frosti Fífill* velur frekar að skrifa nafnið sitt *Frosti F*. Einnig fannst dæmi um þágufallsbeyginguna *Fífil*:

¹⁶ Menn hafa deilt um hvort nöfn hafi merkingu. Í því sambandi má vísa til Lyons (1977:198) sem segir: „...it is widely, though not universally, accepted that proper names do not have sense.“

- (3) a. Stefán Aðalsteinsson, 1987. „Uppruni íslenskra húsdýra.“ Hjá Frosta F. Jóhannssyni (ritstj.), Íslensk þjóðmenning I: Uppruni og umhverfi. Reykjavík: Þjóðsaga. Bls. 31–46. (heimildaskrá)¹⁷
- b. Hæsta einkunn fyrir gerð var 10.7 hjá Helgu og Steina, fyrir fitu 5.27 hjá **Fífil** og hæsta meðalvigt 18.2 kg. hjá Einari. (skýrsla 2013)¹⁸

Ekki er hægt að nota þágufallsformið *Fífli* vegna merkingar þó að hún sýnist vera regluleg. Niðurstaðan er því sú að þolfall og þágufall eru eins. Í þessu sambandi er vert að hugsa til mannanafnalaga sem segja berum orðum að nafn megji ekki vera nafnbera til ama, sbr. kafla 3.2. Það er eins og þetta ákvæði hafi verið virkjað í sambandi við nafnið.

3.6.4 *Hergill*

Hergill er ungt nafn á Íslandi og uppruni þess er óljós (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:287):

- (4) Uppruni nafnsins er óviss en það gæti verið myndað af nafni sem hefst á → *Her-* og → *Egill*, eða myndað af → *Hergils* með nöfn eins og → *Vífill* og → *Þengill* að fyrirmynd.

Tveir menn báru nafnið sem fyrra eiginnafröfn og einn sem síðara eiginnafröfn 1. janúar 2015 (sjá *Töflu 8*). Nafnið er aðeins þekkt í *BÍN* og hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011:287) og beygist nafnið í báðum heimildunum: *Hergill*, *Hergil*, *Hergli*, *Hergils*. Dæmi um þágufallsbeyginguna *Hergli* fundust á netinu en ekki dæmi um *Hergil*:

- (5) a. Uppistand með Davíð Þór, Snorra **Hergli**, Ólínu Þórðar og blindum grínista. (blaðgrein 2003)¹⁹
- b. Í bréfinu frá Ólafi **Hergli** Oddssyni kemur fram . . . (þingtíðindi)²⁰

¹⁷ Sótt 10. mars 2016 af <http://vefnir.is/UserFiles/File/ThorsteinnVilhjalmsson-KenjarSogunnar.pdf>

¹⁸ Sótt 8. apríl 2016 af

<https://www.google.is/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=s&source=web&cd=2&cad=rja&uact=8&ved=0ahUKEwj6l93T3vDLAhUIJA8KHda-Cr8QFgggMAE&url=http%3A%2F%2Fcs-001.123.is%2FDeliverFile.aspx%3Fid%3D861c8777-5490-4207-a05e-3079c9d1cad9&usg=AFQjCNHZdFrshyeydJMfEFgwwuz4K1GCzg&bvm=bv.118443451,d.ZWU>

¹⁹ Sótt 20. febrúar 2016 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/759227/>

²⁰ Sótt 10. mars 2016 af <http://www.althingi.is/altext/125/O5/r12205503.sgml>

3.6.5 Hnefill

Hnefill er ekki algengt nafn á Íslandi og 1. janúar 2015 báru fimm menn nafnið sem síðara eiginnafn (sjá *Töflu 8*). Hvorki er getið um aldur né uppruna nafnsins hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011:303) en þau segja að nafnið sé talið vera skylt nafnorðinu *hnefi*. Þau bæta því við að nafnið sé myndað með viðskeytinu *-il-* af nafnorðinu „í smækkandi merkingu“. Vegna þessarar sérstöku merkingar viðskeytisins finnst mér merking nafnsins *Hnefill* aðeins óljós. Nafnorðið *hnefi* hefur merkinguna ‘kreppt hönd’ og til eru nokkur samsett orð þar sem *hnefi* er fyrri partur orðsins (sbr. *ÍO* 2010:412–413).

Nafnið er ekki í *ÍO* en hinum heimildunum ber saman um beyginguna: *Hnefill*, *Hnefil*, *Hnefli*, *Hnefils*. Dæmi um bæði þágufallsbeyginguna *Hnefli* og *Hnefil* fundust á netinu:

- (6) a. ósk um umsögn vegna leyfisveitingar til handa Örlygi **Hnefli** Örlygssyni (fundargerð 2015)²¹
- b. Nokkur bréf, flest rituð af Jóni **Hnefli** . . . (ársskýrsla 2001)²²
- c. . . . ég sendi honum Örlygi **Hnefil** . . . (spjall/blogg 2004)²³

3.6.6 Jökull

Jökull er algengt nafn á Íslandi. 1. janúar 2015 báru 325 menn nafnið sem fyrra eiginnafn og 239 menn sem síðara eiginnafn (sjá *Töflu 8*). Það er algengasta nafnið sem síðara eiginnafn og næst algengasta sem fyrra eiginnafn af þessum sextán karlmannsnöfnum. *Jökull* er gamalt nafn sem kemur fyrir í elstu ritum og er samnafnið *jökull* fyrirmyndin (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:360). Öllum heimildum ber saman um beyginguna: *Jökull*, *Jökul*, *Jökli*, *Jökuls*.

Eins og ég áður sagði er nafnorðið *jökull* fyrirmynd eiginnafnsins. Eins og sjá má í *ÍO* (2010:496) tengist merking samnafnsins ávallt snjó, ís, klaka en fær líka merkinguna ‘fjall með jökli’. Orðið *jökull* er myndað af nafnorðinu *jaki* með viðskeytinu *-ul-* eins og kom fram í kafla 2.5. Það beygist í þágufalli *jökli* eins og sést í dæminu: „gos undir jökli“ (sbr. *SO* 2006:294). Þágufallsbeygingin *Jökli* er notuð eins og dæmin úr netinu sýna en þó fannst líka dæmi um *Jökul*:

²¹ Sótt 20. febrúar 2016 af <http://www.nordurthing.is/static/files/fundargerdir/pdf/137.-fundur-baejarrads-nordurthings.pdf>

²² Sótt 20. febrúar 2016 af

http://heraust.is/index.php?option=com_content&task=view&id=46&Itemid=51

²³ Sótt 10. apríl 2016 af http://esmundur.blogspot.is/2004_02_01_archive.html

- (7) a. Kom hann við hjá **Jökli** frænda sínum . . . (frétt 2016)²⁴
- b. . . hroðaleg mistök hjá **Jökli** Elísabetarsyni. (íþróttir)²⁵
- c. Bíllinn minn með Gunnari **Jökul** (spjall/blogg)²⁶

3.6.7 *Ketill*

Ketill er gamalt nafn á Íslandi og það kemur fyrir í elstu ritum (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:371). Nafnið er þó ekki mjög algengt og 1. janúar 2015 var nafnið borið sem fyrra eiginnafn af 51 en 13 sem síðara eiginnafn (sjá *Töflu 8*). Öllum heimildum ber saman um beyginguna: *Ketill*, *Ketil*, *Katli*, *Ketils*. Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson (2011:371) segja að fyrirmynd nafnsins sé samnafnið *ketill* sem merkir ‘ílát’ eða ‘pottur’. Þau bæta því við að merking mannsnafnsins sé þó frekar ‘fórmarketill’ eða ‘hjálmur’. Nafnorðið *ketill* beygist *katli* í þágufalli eins og má sjá í dæminu: „þau sjóða vatn í katlinum“ (sbr. *SO* 2006:303).

Í *Töflu 4* í kafla 2.2 var sýnd beygingu nafnorðsins *ketill* og sagt að um *i*-hljóðvarp væri að ræða eins og í nafninu *Egill*, sbr. kafla 3.6.1. Greinilega hefur þágufallsbeygingin *Katli* varðveist úr fornu máli eins og hefur gerst með þágufallsbeyginguna *Agli* af *Egill*. Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson (2011:371) nefna einnig að *Katil* hafi verið forn-sænsk mynd af nafninu. Dæmi um þágufallsbeyginguna *Katli* fundust á netinu en auk þess fannst dæmi um þágufallsbeyginguna *Ketil*:

- (8) a. . . . sem fram koma hjá **Katli** Sigurjónssyni . . . (þingtíðindi)²⁷
- b. Nema náttúrliga hjá **Ketil** skræk . . . (spjall/blogg 2010)²⁸

Áhugavert er að skoða líka nafnið *Porkell*. Þetta er gamalt nafn, myndað með forlið og viðlið eins og rætt var um í 3.3. Viðliðurinn *-kell* er myndaður af nafnorðinu *ketill* en í áherslulausri stöðu hefur hann dregist saman (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:370). Öllum heimildum ber saman um það að þetta nafn geti beygst í þágufalli bæði *Porkeli* og *Porkatli*. Þannig hefur þágufallsbeygingin *Katli* einnig varðveist í þessu nafni. *Porkell* er jafnvel algengara nafn en *Ketill* og báru 236 nafnið sem fyrra eiginnafn og 50 sem síðara eiginnafn í þjóðskrá 1. janúar 2015 (sbr. Hagstofu Íslands 2016).

²⁴ Sótt 8. apríl 2016 af <http://www.ruv.is/frett/af-mordi-islensks-skalds-a-gotlandi>

²⁵ Sótt 8. apríl 2016 af

http://www.visir.is/section/IDROTTIR&template=bvakt_allt&leikur=105&type=live

²⁶ Sótt 8. apríl 2016 af <https://www.hugi.is/rokk/myndir/388893/trivia/>

²⁷ Sótt 8. apríl 2016 af <http://www.althingi.is/altext/121/12/r12180957.sgml>

²⁸ Sótt 8. apríl 2016 af <http://omargeirsson.blog.is/blog/omargeirsson/entry/1001501/>

3.6.8 *Kristall*

Kristall er ungt nafn á Íslandi og uppruni nafnsins er samnafnið *kristall* (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:381). Það er ekki algengt nafn og báru fjórir menn nafnið sem fyrsta eiginnafn og einn sem síðara eiginnafn 1. janúar 2015 (sjá *Töflu 8*).

Beyging nafnsins *Kristall* er flókin rétt eins og nafnorðsins *kristall*. Hér á eftir verður sýnd beygingu eiginnafnsins *Kristall* í tveimur heimildum (sjá *Töflur 9* og *10*) en rækilegra verður fjallað um hana í kafla 4.5. Leitað var að dæmum notkun þágufalls-beygingar á netinu en þau fundust ekki. Samkvæmt leit í þjóðskrá í heimabanka Landsbankans (2016) eru þeir fimm sem bera nafnið frekar ungir (elsti fæddur 2002). Áhugavert var að sjá í þessari leit að allir sem bera nafnið *Kristall* sem fyrra nafn hafa einnig síðara eiginnafn.

Tafla 9: Beyging eiginnafnsins Kristall (BÍN)

nf.	Kristall
þf.	Kristall / Kristal
þgf.	Kristalli / Kristali / Kristal
ef.	Kristalls / Kristals

Tafla 10: Beyging eiginnafnsins Kristall hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011:381)

nf.	Kristall
þf.	Kristal
þgf.	Kristal, Kristali
ef.	Kristals

Eins og má sjá í töflunum á undan eru þrír möguleikar í þágufalli, þ.e. *Kristal*, *Kristali* og *Kristalli*. Auk þess gefur beygingarregla orða sem fjallað hefur verið um í þessari ritgerð þann möguleika að þágufallið væri **Kristli*. Þessir möguleikar verða skoðaðir í kafla 4.5.

3.6.9 *Röðull*

Röðull er ungt nafn á Íslandi og er merkingin sú sama og í samnafninu *röðull* (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:500). Nafnið er ekki algengt og báru þrír menn þetta nafn sem fyrra eiginnafn 1. janúar 2015 (sjá *Töflu 8*). Uppruni nafnorðsins *röðull* í merkingunni ‘sól’ er fremur óviss (sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:788). *SO* þekkir orðið *röðull* aðeins sem samnafn. Hinum heimildunum ber saman um beyginguna: *Röðull, Röðul, Röðli, Röðuls*. Nafnorðið beygist eins í þágufalli eins og má sjá í dæminu: „við gengum eftir röðlinum“ (sbr. *SO* 2006:459). Eitt dæmi um þágufallsbeyginguna fannst á netinu:

- (9) Arinbjörg Clausen, f. 1954, gift **Röðli** Bragasyni ... (minningargrein 2004)²⁹

3.6.10 *Skefill*

Skefill er ungt nafn á Íslandi (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:536) Enginn bar þetta nafn 1. janúar 2015 (sjá *Töflu 8*). Beyging nafnsins er: *Skefill, Skefil, Skefli, Skefils* í *BÍN* og hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011:536). Í hinum heimildunum er aðeins getið um beygingu nafnorðsins *skefill* en það beygist eins í þágufalli eins og má sjá í dæminu: „hann beitti skeflinum“ (sbr. *SO* 2006:490).

Þó að nafnið sé ungt og alls ekki algengt eiginnafn kemur það fyrir í fornu máli sem sverðsheiti og sækunungsheiti. Nafnið telst tengjast sögninni *skafa* (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:536). *ÍO* (2010:875) segir að sérnafnið *Skefill* sé skáldamál, þ.e. sækunungsheiti, en nafnorðið *skefill* hafi merkinguna ‘tæki til að skafa’. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:834) segir að nafnorðið *skefill* sé leitt af sögninni *skafa* og tengt lýsingarorðinu *skefinn* og nafnorðinu *skefjar*. Þannig er nafnorðið myndað með viðskeytinu *-il-* en miklu líklegra er að sækunungsheiti sé fyrirmynd mannsnafnsins en ‘tæki til að skafa’. Ekki var hægt að finna dæmi um þágufallsbeygingu á netinu.

3.6.11 *Smyrill*

Smyrill er ungt nafn á Íslandi og er merking nafnsins sú sama og samnafnsins *smyrill*, þ.e. fuglsins (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:539). Nafnið er ekki algengt, aðeins tveir menn báru nafnið sem fyrra eiginnafn 1. janúar 2015 (sjá *Töflu 8*). Um beygingu nafnsins er aðeins getið í *BÍN* og hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni

²⁹ Sótt 10. mars 2016 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/787089/>

(2011:539) og hún er: *Smyrill, Smyril, Smyrli, Smyrils*. Fuglinn *smyrill* er ránfugl af fálkaætt (sbr. *ÍO* 2010:932). Á beygingu nafnorðsins er minnst í hinum heimildunum og beygist það eins í þágufalli; það má sjá í dæminu: „þau horfa á eftir smyrlinum“ (sbr. *SO* 2006:515). Fá dæmi um þetta nafn var hægt að finna á netinu en eitt dæmi um þágufallsbeyginguna *Smyrli* fannst:

(10) . . . en býr með dóttursyni mínum, **Smyrli** Traustasyni, í Hafnafirði . . .
(blaðagrein 2010)³⁰

Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:908) segir að uppruni orðsins *smyrill* sé óviss. En svo virðist sem orðið sé með viðskeyti í öðrum málum. Það beygist líka eins og afleidda orðið *smyrill* sem er nýyrði eins og fram kemur hjá Ásgeiri. Til grundvallar því orði er sögnin *smyrja*.

3.6.12 *Virgill*

Virgill er ungt nafn á Íslandi og uppruni nafnsins er erlendur. Fyrirmynd nafnsins er líklega skáldið *Virgill* (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:617). Nafnið er ekki algengt og báru þrír menn þetta nafn sem fyrra eiginnafn og einn sem síðara eiginnafn 1. janúar 2015 (sjá *Töflu* 8). Beygingu nafnsins er aðeins að finna í *BÍN* og hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011:617) og hún er: *Virgill, Virgil, Virgli, Virgils*. *ÍO* (2010:1168) þekkir nafnorðið *virgill* í merkingunni ‘hringur’ sem greinilega tengist þó ekki eiginnafninu. Eitt dæmi um þágufallsbeyginguna *Virgli* fannst á netinu:

(11) Athugasemdir bárust frá **Virgli** Scheving Einarssyni...(fundargerð 2015)³¹

3.6.13 *Vífill*

Vífill er gamalt nafn á Íslandi og það kemur fyrir í elstu ritum en nafnið var ekki notað aftur fyrr en í byrjun 20. aldar (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:617). Nafnið er ekki mjög algengt og 1. janúar 2015 báru 26 menn nafnið sem fyrra eiginnafn og 17 menn sem síðara eiginnafn (sjá *Töflu* 8). Öllum heimildum ber saman um beyginguna:

³⁰ Sótt 26. mars 2016 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/526579/>

³¹ Sótt 10. mars 2016 af <http://www.vogar.is/stjornsysla/fundagerdir/839/default.aspx>

Vífill, Vífil, Vífli, Vífils. Ekki er full víska um uppruna nafnsins en hann gæti tengst nafnorðinu *víg* í merkingunni ‘dráp’ og ‘bardagi’ eða sögninni *vega* í merkingunni ‘vigta’ (sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:1113, 1132–1133). Ef þannig er þá gæti nafnið verið myndað með viðskeytinu *-il-*. Nafnorðið *vífill* er til en það virðist ekki tengjast nafninu vegna merkingarinnar ‘þvottakeppur’ (sbr. *ÍO* 2010:1172). Á netinu fundust dæmi um bæði þágufallsbeyginguna *Vífli* og *Vífil*:

- (12) a. . . . þakkaði Júlíusi **Vífli** fyrir gott samstarf (frétt 2016)³²
 b. Þegar tók að hægjast um hjá **Vífli** Magnússyni . . . (blaðgrein 2011)³³
 c. Ekki er þetta nú til eftirbreytni hjá **Vífil** . . . (spjall/blogg 2007)³⁴
 d. Frekar einfölduð grein hjá **Vífil**. (spjall/blogg 2015)³⁵

3.6.14 *Yrkill*

Yrkill er ungt nafn á Íslandi (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:625). Aðeins einn maður bar nafnið sem síðara eiginnafn 1. janúar 2015 (sjá *Töflu 8*). Á nafnið *Yrkill* er aðeins minnst í *BÍN* og hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011:625) og beyging nafnsins í þessum heimildum er: *Yrkill, Yrkil, Yrkli, Yrkils*. Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson (2011:625) segja að nafnið sé myndað af sögninni *yrkja* í merkingunni ‘rækta’ með viðskeytinu *-il-*. Varla var hægt að finna dæmi um þágufallsbeyginguna á netinu en eitt dæmi fannst:

- (13) Refsing þeirra sem mæta of seint verður að sleikja eyrun á Andra **Yrkli!**
 (spjall/blogg 2015)³⁶

3.6.15 *Þengill*

Þengill er gamalt nafn á Íslandi og það kemur fyrir í elstu ritum. Fyrirmynd mannsnafnsins er samnafnið *þengill* sem merkir ‘konungur, höfðingi’ (sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson 2011:628). Nafnið er ekki mjög algengt og 1. janúar 2015 báru 20 menn nafnið sem fyrra eiginnafn og níu sem síðara eiginnafn (sjá *Töflu 8*). Öllum heimildum ber saman um beyginguna: *Þengill, Þengil, Þengli, Þengils*. Nafnorðið *þengill* beygist

³² Sótt 8. apríl 2016 af <http://www.ruv.is/frett/julius-vifill-segir-af-ser>

³³ Sótt 8. apríl 2016 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1376655/>

³⁴ Sótt 8. apríl 2016 af <http://egillsv.blog.is/blog/egillsv/entry/384499/>

³⁵ Sótt 8. apríl 2016 af <http://asthildurcesil.blog.is/blog/asthildurcesil/entry/1817891/>

³⁶ Sótt 8. apríl 2016 af <https://is-is.facebook.com/politica.hi.is/posts/777148752362921>

eins í þágufalli eins og má sjá í dæminu: „rannsóknir á þengli“ (sbr. *SO* 2006:648). Dæmi um þágufallsbeyginguna *Þengli* fundust á netinu en líka um beyginguna *Þengil*:

- (14) a. . . . var notuð til að bjarga **Þengli** Otra. (blaðagrein 2003)³⁷
- b. Á myndinni sést formaður styrktarnefndar, Guðmundur Benediktsson, afhenda **Þengli** Oddssyni . . . (blaðagrein/frétt 1999)³⁸
- c. . . . er ég sammála þessari gagnrýni hjá **Þengil**. (spjall/blogg 2009)³⁹

3.6.16 *Þyrill*

Þyrill er eina nafnið af þeim sextán sem hér eru til umfjöllunar sem er ekki getið um hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni (2011) enda er það nýtt nafn á Íslandi. Enginn bar þetta nafn 1. janúar 2015 (sjá *Töflu* 8). Mannanafnanefnd samþykkti nafnið 22. desember 2014 með orðunum: „Eigin nafnið *Þyrill* (kk.) tekur íslenskri beygingu í eignarfalli, *Þyrils*, og telst að öðru leyti uppfylla ákvæði 5. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn“ (sbr. Innanríkisráðuneytið 2014).

Beyging nafnsins í *BÍN* er: *Þyrill*, *Þyri*, *Þyri*, *Þyrils*. Velta má fyrir sér merkingu nafnsins því að samnafnið *þyrill* hefur ýmsar merkingar skv. *ÍO* (2010:1230) en flestar eru þær fremur neikvæðar og engin því mjög líkleg. Mér finnst líklegast að til grundvallar nafninu sé nafnið á fjallinu. Af orðum Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1989:1209) er ekki annað að ráða en það og samnafnið séu mynduð með viðskeyti.

3.7 *Samantekt*

Þegar karlmannsnöfnin öll, sextán að tölu, eru skoðuð kemur í ljós að sum þeirra eru mjög gömul í málinu en mörg eru ný. Aðeins 5 nöfn af þeim 35 nöfnum sem Alexander Jóhannesson nefndi árið 1927 voru á mannanafnaskrá í janúar 2016 og teljast því leyfileg. Nýjasta nafnið, *Þyrill*, var samþykkt í desember 2014. Tvö nöfn, *Egill* og *Jökull*, eru algeng og báru nokkur hundruð menn þessi nöfn í þjóðskrá 1. janúar 2015. Nokkrir tugir manna báru nöfnin *Ketill*, *Vífill* og *Þengill* en hin nöfnin eru mjög óalgeng.

Uppruni nafnanna er mjög ólíkur og uppruni ekki alltaf alveg ljós. *Hnefill* og *Yrkill* eru augljóslega afleidd nöfn og mynduð með viðskeytinu *-il-*. Greinilega eru einnig nöfnin *Egill* og *Vífill* mynduð með viðskeyti því að talið er að nafnorðið *agi* eða *ógn* sé

³⁷ Sótt 20. febrúar 2016 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/766232/>

³⁸ Sótt 20. febrúar 2016 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/469780/>

³⁹ Sótt 8. apríl 2016 af <http://old.f4x4.is/spjallbord/umraeda/litlunefndarferdin-frettir/page/3/>

rót í nafninu *Egill* og nafnið *Vífill* sé tengt nafnorðinu *víg* eða sögninni *vega*. Að baki margra mannanafna liggja samnöfn, þ.e. orð úr hinum almenna orðaforða. Slík mannanöfn eru *Engill*, *Fífill*, *Jökull*, *Ketill*, *Röðull*, *Skefill*, *Smyrill* og *Pengill*. Nafnorð sem eru fyrirmyndir mannanafna geta verið afleidd orð eins og *jökull* og *skefill* en orðin eins og *engill* og *fífill* teljast vera grunnorð. *Virgill* er tókunafn en uppruni og merking tveggja nafna, *Hergill* og *Pyrrill*, er mjög óljós.

Í ljósi þess sem áður var sagt um myndun þessara nafna verður að geta þess að tvíkvæð karlmannsnöfn sem enda á *-il*, *-ul*- eða *-al*- eru ekki öll mynduð með viðskeyti. Í fjórða kafla verða flest mannanöfnin borin saman við sambærileg nýyrði eða tökuorð og reynt er að finna eitthvað sameiginlegt í beygingu þeirra. Nafnið *Kristall* hefur líka samnafn sem fyrirmynd en vegna beygingar flokka ég þetta nafn ekki með nöfnum eins og *Engill*.

Í lögum um mannanöfn er sagt að „nafnið þarf að geta tekið íslenskri eignarfallsendingu“, sbr. kafla 3.2. Öll karlmannsnöfnin sem fjallað hefur verið um í þessum kafla fá eignarfallsendinguna *-s*. Nöfnin beygjast þannig reglulega af því að í kafla 2.2 um beygingu sterkra karlkynsorða var sagt að öll karlkynsorðin sem enda á *-il*-, *-ul*- eða *-al*- fái endinguna *-s* í eignarfalli eintölu.

Að þágufallsbeygingu er ekki vikið í lögum um mannanöfn. Í kafla 2.3 var fjallað um þágufall eintölu sterkra karlkynsorða og sýnt fram á að í orðum sem enda á *-il*-, *-ul*- eða *-al*- verði yfirleitt brottfall úr stofni og þau fái endinguna *-i* í þágufalli. Samkvæmt þessu virðist þágufallsbeyging þessara sextán mannanafna vera regluleg í heimildum. Leitað var að dæmum á netinu og þau sýna t.d. að regluleg þágufallsbeyging er notuð eins og *Hergli*, *Vífli* og *Pengli* sýna. Athuga verður þó að stundum var erfitt eða alls ekki hægt að finna dæmi. Skýringin á þessu er greinilega sú að sum nöfn eru mjög óalgeng. Þágufallsformin *Agli* af *Egill* og *Katli* af *Ketill* verða að teljast regluleg; nöfnin eru gömul í málinu og beygingin vel þekkt. Auk þess er þar um eðlilegt hljóðvarp að ræða.

Þó að nöfnin beygist reglulega í þágufalli samkvæmt heimildum sýna dæmin að þannig er þetta ekki alltaf. Oft fundust á netinu líka dæmi um það að þolfallsformið væri notuð í þágufalli, þ.e. t.d. *Jökul*, *Vífil*, *Pengil*. Jafnvel fannst á netinu dæmi um þágufallsbeyginguna *Egil* þó að *Egill* sé algengasta nafnið af þessum sextán nöfnum og *Agli* vel þekkt þágufallsbeyging. Þessi dæmi voru þó oft úr spjall- eða bloggtexta og óvíst er hvort skýringin á þessu sé sú að þágufallsbeygingin sé erfið fyrir málnotandann eða kannski bara einhver önnur. En vegna þessa samfalls getur nafnið *Fífill* ekki beygst í þágufalli *Fífli* þó að öllum heimildum beri saman um beyginguna. Ekki fannst heldur neitt dæmi

um þessa beygingu á netinu. Eins og áður var sagt er beyging nafnsins *Kristall* flókin og um hana verður fjallað meira í kafla 4.5.

Svo virðist að það hvort mannsnafnið endi á *-il-*, *-ul-* eða *-al-* hafi ekki áhrif á beygingu nafnsins. Flest nöfn (13) enda á *-il-* og dæmin á netinu sýna að regluleg þágufallsbeyging er oft notuð en ekki alltaf. Tvö nöfn, *Jökull* og *Röðull*, enda á *-ul-*. Annað þeirra gamalt og algengt en hitt ekki. Of fá dæmi fundust um nafnið *Röðull* til að hægt væri að segja mikið um beygingu þess. Eina nafnið sem endar á *-al-* er *Kristall*. Óvíst er hvort það sé endingin *-al-* eða t.d. beyging samnafnsins sem hafi áhrif á beyginguna. Þó að *Kristall* sé núna eina nafnið sem endar á *-al-* verður að muna að Alexander Jóhannesson (1927) nefndi sjö önnur nöfn sem enduðu eins.

4. KAFLI

ÚRVINNSLA

4.1 *Inngangur*

Í þriðja kafla um mannanöfn kom í ljós að nöfnin sextán væru ekki öll mynduð eins. Í þessum kafla verða þessi nöfn borin saman við nokkur nýyrði og tökuorð. Tilgangurinn með kaflanum er að varpa ljósi á beygingarlegan mismun og leita skýringa. Fyrst, í kafla 4.2, verður aðeins fjallað um myndun nýyrða og tökuorða. Í kafla 4.3 verða þau mannanöfn sem eru afleidd eða eiga afleitt samnafn sem fyrirmynd til umfjöllunar. Þar næst, í kafla 4.4, verða skoðuð þau mannanöfn sem eru grunnorð. Síðan í kafla 4.5 verður fjallað um nafnið *Kristall*, nafnorðið *kristall* og nokkur sambærileg tökuorð. Leitað verður að skýringu á því af hverju nafnið *Kristall* beygist ekki eins og hin nöfnin. Stutt samantekt verður að lokum í kafla 4.6.

4.2 *Um myndun nýyrða og tökuorða*

Ný orð bætast í málið enda þarf stöðugt að búa til orð yfir hluti eða hugtök sem hafa ekki haft íslenskt heiti áður. Guðrún Kvaran (2005:104–105) segir að nokkrar leiðir séu til að búa til ný orð og nefnir helstu aðferðirnar við nýyrðasmíð. Þær eru *samsetning*, *afleiðsla*, *nýmerking*, *tökuþýðing* og *aðlögun*. Guðrún (2005:343, 357) segir að *tökuorð* séu orð úr erlendu tungumáli sem hafi aðlagast íslensku hljóð- og beygingarkerfi og séu viðurkennd. *Nýyrði* séu hins vegar orð sem eru búin til af þeim sem tala og/eða kunna íslensku.⁴⁰

Um afleidd og samsett orð var fjallað í kafla 2.4 um orðmyndun. Guðrún Kvaran (2005:105–106) segir að afleiðsla sé mikið notuð við nýyrðasmíð. Í nýmerkingu fái gamalt orð, sem hefur ekki lengi verið notað í málinu, nýja merkingu. Guðrún bendir á að um tökuþýðingu sé að ræða þegar íslenska orðið er bein þýðing á erlenda orðinu en aðlögun sé aðferð sem notuð er við myndun tökuorða. Guðrún Kvaran (2005:345) segir líka að karlkynstökuorð beygist oftast sterkt en veikt og þau fái næstum því alltaf endinguna *-ar* í fleirtölu. Hún segir að sterk karlkynstökuorð endi t.d. á *-il-* og *-al-* og hún nefnir orðin *bítill* og *metall* sem dæmi um slík tökuorð.

⁴⁰ Samkvæmt bréflægum upplýsingum 12. apríl 2016 frá Ágústu Þorbergsdóttur bjó færeyski málfræðingurinn Jóhan Hendrik W. Poulsen til orðið *geisladiskur*.

4.3 Afleidd mannanöfn

Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason (2014:150) segja að orðið *hreyfill*⁴¹ sé dæmi um vel heppnað nýyrði. Orðið er augljóslega myndað af sögninni *hreyfa*. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:405) segir að *hýsill* sé nýyrði sem hefur merkinguna ‘lífvera sem sníkjudýr’⁴² lifir á’ og það sé myndað af sögninni *hýsa*. Um orðið *sníkill* segir hann (1989:916) að það sé nýyrði sem er leitt af sögninni *sníkja*. Skemmtilegt nýyrði er *bjúgverpill* sem er íslenskt orð fyrir tökuorðið *búmerang*. Það er myndað af nafnorðinu *bjúga* og sögninni *verpa* í merkingunni ‘kasta’ (sbr. Sölva Sveinsson 2004:61). Orðið *vindill* er nýyrði í merkingu ‘sígari(i)’ frá 19. öld og það er myndað af sögninni *vinda* (sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:1139 og Sölva Sveinsson 2004:286). Í *Töflu 11* sést beyging þessara nýyrða í kenniföllum og í þágufalli eintölu:

Tafla 11: Beyging nýyrða (*BÍN, SO*)

nf.et.	þgf.et.	ef.et.	nf.ft.
hreyfill	hreyfli	hreyfils	hreyflar
hýsill	hýsli	hýsils	hýslar
sníkill	sníkli	sníkils	sníklar
bjúgverpill	bjúgverpli	bjúgverpils	bjúgverplar
vindill	vindli	vindils	vindlar

Viðskeytin *-il-*, *-ul-* og *-al-* eru notuð til að mynda nafnorð af sagnorðum eða öðrum nafnorðum, oftast þó af sagnorðum, sbr. kafla 2.5. Nýyrðin fimm hér á undan eru öll mynduð með viðskeytinu *-il-*. Þau eru öll leidd af sagnorðum nema samsetta orðið *bjúgverpill*. Í þriðja kafla um mannanöfnin kom í ljós að nöfnin *Hnefill* og *Yrkill* væru bæði mynduð með viðskeytinu *-il-*. Annað er leitt af nafnorði, hitt af sögn. Nöfnin *Egill* og *Vífill* eru greinilega einnig mynduð með viðskeyti þó að það sé ekki alveg eins augljóst og með hin nöfnin tvö. Hér eiga mannanöfnin *Jökull*, *Skefill* og *Smyrill* líka heima því að nafnorðin sem eru fyrirmyndir þessara nafna eru afleidd.

⁴¹ Orðið hefur merkinguna ‘vél til að knýja vinnuvél, farartæki eða annað’ (sbr. *ÍO* 2010:431).

⁴² Sölvi Sveinsson (2004:129) kallar þetta sníkjudýr *sníkill*.

Bæði mannanöfnin og nýyrðin eru mynduð með viðskeyti; þannig má segja að skilyrði fyrir reglulega beygingu skapist. Eins og má sjá í *Töflu 11* beygjast öll nýyrðin reglulega, þ.e. fá *-i* í þágufalli, *-s* í eignarfalli og *-ar* í nefnifalli fleirtölu og í þeim verður brottfall, sbr. kaflar 2.2 og 2.3. Nöfnin *Egill*, *Hnefill*, *Jökull*, *Skefill*, *Smyrill*, *Vífill* og *Yrkill* beygjast einnig reglulega þó að t.d. dæmi um þágufallsformin *Hnefil* og *Vífil* hafi fundist á netinu.

4.4 Mannanöfn sem hafa samnafn að fyrirmynd

Nafnorðið *jökull* er myndað af nafnorðinu *jaki*, sbr. kafla 2.5. Ekki sést þó eins auðveldlega að nafnorðin *engill*, *fífill*, *ketill*, *röðull* og *þengill* séu afleidd orð. Þessi samheiti eru fyrirmyndir nafnanna *Engill*, *Fífill*, *Ketill*, *Röðull* og *Þengill*. Hér verður að nefna nokkur tökuorð. Þetta eru orðin *seðill*, *sikill*, *sirkill*, *stimpill* og *ventill* sem Ásgeir Blöndal Magnússon (1989) segir að séu komin úr dönsku, orðið *spégill* segir hann úr þýsku en um orðið *segull* er hann ekki eins viss, annaðhvort úr dönsku eða þýsku. *Ventill* á sér fyrirmyndina *ventil* en hin orðin eiga sér að fyrirmynd orð sem enda á *-el*, sé hún á annað borð þekkt. Elsta tökuorðið er *sikill* sem er frá 16. öld en flest eru frá 17. öld. Beyging þessara tökuorða í kenniföllum og þágufalli eintölu má sjá í *Töflu 12*:

Tafla 12: Beyging tökuorða (*BÍN*, *SO*)

nf.et.	þgf.et.	ef.et.	nf.ft.
segull	segli	seguls	seglar
spégill	spégli	spégils	spéglar
seðill	seðli	seðils	seðlar
sirkill	sirkli	sirkils	sirklar
stimpill	stimpli	stimpils	stimplar
ventill	ventli	ventils	ventlar
sikill	sikli	sikils	siklar

Hér er ekki um afleidd orð að ræða heldur hafa tökuorðin aðlagast íslensku og fengið endinguna *-il-* eða *-ul-* sem lítur út eins og viðskeyti. Þessi tökuorð hljóta að teljast vera grunnorð, sbr. kafla 2.4 um orðmyndun. Í kafla 3.3 var nefnt að mannanöfn sem hafa samnafn, þ.e. t.d. blóma- eða fuglaheiti, sem fyrirmynd væru ekki afleidd orð heldur grunnorð. Í því ljósi væri e.t.v. ástæða til þess að bera nöfnin *Engill*, *Fífill*, *Ketill*, *Röðull* og *Þengill* saman við þessi tökuorð. Þess ber þó að gæta að sú spurning vaknar hvernig við greinum tökuorðin í huga okkar.

Í *Töflu 12* má sjá að tökuorðin hér beygjast í kenniföllum og í þágufalli eintölu líkt og nýyrðin í kaflanum á undan. Þannig virðist sem þessi tökuorð beygist reglulega þó að þau séu ekki afleidd orð. Beyging áður nefndra mannanafna er líka regluleg í heimildum. Dæmin sýna þó að t.d. þágufallsbeygingin *Þengil* er notuð og vegna merkingar beygist *Fífill* ekki reglulega í þágufalli.

Tökuorðin sem hér hafa verið til umfjöllunar eru mjög almenn í eðli sínu, þ.e. heiti fyrir hluti, þó að sum orð eins og *sirkill* og *stimpill* hafi sérstakt hlutverk, þ.e. þau eru einhverskonar tækisheiti.⁴³ Í næsta kafla verður fjallað um tökuorð sem flest eru af öðrum toga.

4.5 Nafnið *Kristall* og nokkur sambærileg tökuorð

Hér á undan í köflum 4.3 og 4.4 var rætt um nýyrði og tökuorð sem beygjast eftir þeim reglum sem voru ræddar í kafla 2. Hægt var að bera flest mannanöfnin saman við þessi orð. Í kafla 3.6.8 var bent á að beyging mannsnafnsins *Kristall* væri flókin. Í þessum kafla verður beyging samnafnsins *kristall* skoðuð og nafnorðið verður borið saman við nokkur tökuorð. Leitað verður að skýringu á því af hverju beyging mannsnafnsins *Kristall* er flóknari en hinna nafnanna.

4.5.1 Um beygingu nafnorðsins *kristall*

Eiginnafnið *Kristall* getur beygst í þágufalli *Kristal*, *Kristali* eða *Kristalli*, sbr. *Töflur 9* og *10* í kafla 3.6.8. Nafnsins er aðeins getið í *BÍN* og *SO* en samnafnið *kristall* finnst í öllum heimildum. Nafnorðið *kristall* beygist í *BÍN* (sjá *Töflu 13*), *ÍO* (2010:547) og *SO* (2006:318): *kristal* í þágufalli eintölu, *kristals* í eignarfalli eintölu og *kristalar* í nefnifalli fleirtölu. Í *SO* er einnig dæmi um þágufallsbeyginguna: „ljósakróna úr kristal“. Í heimildum er einnig til önnur orðmynd af nafnorðinu: *kristallur*. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:506) nefnir þessar tvær orðmyndir en getur ekki um beygingu þeirra.⁴⁴ Þó að til séu tvær orðmyndir af nafnorðinu er aðeins ein orðmynd til af mannsnafninu: *Kristall*.⁴⁵

⁴³ Samkvæmt Ásgeiri Blöndal Magnússyni (1989:819, 961) hefur orðið *sirkill* merkinguna ‘mæli- eða teiknitól’ og *stimpill* ‘merkitæki, hluti í vél’; *stimpill* liggur því til grundvallar sögninni *stimpla*. Á hinn bóginn er sögnin *senda* grundvöllur nafnorðsins *sendill*, sbr. 2.5.

⁴⁴ Einnig eru til rithættirnir *krystal* og *krystallur* í *ÍO* og hjá Ásgeri Blöndal Magnússyni (1989): Þeir verða þó ekki skoðaðir hér enda ekki ástæða til.

⁴⁵ Nafnið *Kristal* er í *BÍN* en um það verður ekki fjallað hér því að nafnið er ekki í mannanafnaskrá.

Tafla 13: Beyging nafnorðsins *kristall* (BÍN)

nf.et.	kristall	nf.ft.	kristalar
þf.et.	kristal	þf.ft.	kristala
þgf.et.	kristal	þgf.ft.	kristölum
ef.et.	kristals	ef.ft.	kristala

Í kafla 2.2 hér á undan var fjallað um brottfall úr stofni á undan endingu sem hefst á sérhljóði. Í kafla 2.3 var svo sýnt fram á að í sterkum tvíkvæðum karlkynsorðum sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-* verði brottfall í þágufalli eintölu og þau fái endinguna *-i*. Í beygingu orðsins *kristall* er ekkert brottfall og beygingin er því ljóslega ekki sú hin sama og þeirra viðskeyttu orða sem lýst var í áðurnefndu köflum. Ef nafnorðið *kristall* mundi beygjast reglulega þyrfti stofn orðsins á undan endingu sem hefst á sérhljóði vera *kristl-* vegna brottfalls, sbr. t.d. *jökl-* í *Töflu 6* í kafla 2.3. Þar af leiðir fengi orðið endinguna *-i* í þágufalli eintölu og væri *kristl-i*, sbr. *jökl-i* í sömu töflu. Auk þess ætti líka að verða brottfall í allri fleirtölunni og því væri nefnifall fleirtölu *kristl-ar*, sbr. *sendl-ar* og *jökl-ar* í *Töflu 2* í kafla 2.2. En í heimildum er hvorki hægt að finna beyginguna *kristli* né *kristlar*. En því má ekki gleyma að lengi er von á einum.

4.5.2 Um tökuorðin og beygingu þeirra

Í kafla 2.3 um þágufall var vísað í grein Friðriks Magnússonar (1984). Þar var gerður munur á orðum eins og *hamar*, *himinn* og *jökull* annars vegar og *bikar*, *kopar* og *pipar* hins vegar. Í þeim síðarnefndu er ekkert brottfall og þau fá ekki endinguna *-i* í þágufalli. Guðrún Kvaran (2005:113) bendir á að mörg tökuorð teljist vera grunnorð, þ.e. þau séu ekki afleidd. Þannig segir hún að ýmis tökuorð sem séu efnisheiti, t.d. *gull*, *silfur* og *kopar*, séu grunnorð. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:54) segir að orðið *bikar* sé einnig tökuorð.

Friðrik Magnússon (1984:39) bendir á að orðin *kísill* og *kóral* beygist eins og orðið *bikar*. Þau eru meðal þeirra orða sem sjá má í næstu töflu, *Töflu 14*. Þar verða þau og nokkur önnur tökuorð skoðuð og sagt verður frá uppruna þeirra. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989) getur um öll orðin nema um orðið *dísill*; Jóhannes B. Sigtryggsson og Ari Páll Kristinsson (2012:242) nefna það hins vegar.

Tafla 14: Uppruni og merking nokkurra tökuorða (Ásgeir Blöndal Magnússon (1989))

orð á íslensku	frá	tökumál	orð í tökumáli	merking
buffall	19. öld	danska	bøffel	nautgrípategund
kanill, kanel	16. öld	danska	kanel	kryddtegund
kísill	18. öld	danska	kisel	steintegund
kokkteill ⁴⁶	20. öld	enska	coctail	vínblanda
kóral, kóral	17. öld	danska	koral	kalkmyndað efni
metall	17. öld	danska	metal	málmur
negull	18. öld	líklega þýska	negelken	kryddtegund
nikill, nikull, nikkell	19. öld	danska	nikkel	silfurlitur málmur
dísill	er ekki			

Flest orðin í töflunni hér á undan eru tökuorð úr dönsku. Orðin enda í tökumálinu annaðhvort á *-el* eða *-al*, þó ekki enska orðið *coctail*. Af sumum orðum eru til margar orðmyndir, t.d. *nikill*, *nikull*, *nikkel*. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:506) segir að orðið *kristall* sé tökuorð úr dönsku (*krystal*) frá 17. öld og hafi merkinguna ‘margstrendur frumhluti kristallaðs efnis’. Mörg þessara tökuorða eru efnisheiti líkt og *kristall*, þ.e. *dísill*⁴⁷, *kísill*, *kóral*, *metall* og *nikill*. Sum tökuorð eru kryddheiti líkt og *pipar*, t.d. *kanill* og *negull*.⁴⁸ Næst verður sýnd beyging þessara tökuorða í kenniföllum og í þágufalli eintölu í *SO*, *ÍO* og *BÍN*:

Tafla 15: Beyging tökuorðanna (*SO*)

nf.et.	þgf.et.	ef.et.	nf.ft.	ath.
buffall		buffals	bufflar ⁴⁹	
kanill	kanil	kanils		líka kanell
kísill	kísli	kísils		
kokteill		kokteils	kokteilar	orðmyndin í <i>SO</i> er kokteill

⁴⁶ Í þessari ritgerð verður orðið skrifað *kokteill*. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:489) segir að orðið sé úr nýíslensku. Dæmi úr *ROH* og á *timarit.is* staðfesta það.

⁴⁷ Samkvæmt *ÍO* (2010:148) hafi orðið *dísill* merkingu ‘dísilvél’ og orðið fyrir efni sé *dísilólía* en hér verður talað um efni með orðið *dísill*.

⁴⁸ Á slóðinni www.prima.is/nanarvorur.asp?id=nanar_fennill.jpg er til líka kryddheitið *fennill*. Í *ÍO* (2010:214–215) heitir þetta krydd *fennel* og *fennika*.

⁴⁹ Fleirtalan *buffalar* er líka vel þekkt eins og dæmi t.d. á *timarit.is* staðfesta.

kóral	kóral	kóral	kóralar	
metall		metals		
negull	negul, negli	neguls		
nikill				bara nikkell (hvk. ⁵⁰)
dísill	dísli	dísils	dísjar	

Tafla 16: Beyging tökuorðanna (*ÍO*)

nf.et.	þgf.et.	ef.et.	nf.fl.	ath.
buffall		buffals	bufflar	
kanill		kanils		líka kanell
kísill		kísils		
kokteill		kokteils	kokteilar	líka kokkteill
kóral		kóral	kóralar	líka kóralur og kóral (hvk.)
metall		metals		
negull		neguls		
nikill		nikils	niklar	líka nikull
dísill		dísils	dísjar	

Tafla 17: Beyging tökuorðanna (*BÍN*)

nf.et.	þgf.et.	ef.et.	nf.fl.	ath.
buffall	buffli	buffals	bufflar	
kanill	kanil	kanils		líka kanel (hvk. og kk. ⁵¹)
kísill	kísil, kísli	kísils		
kokteill	kokteíl	kokteils	kokteilar	líka kokkteill
kóral	kóral	kóral	kóralar	líka kóral (hvk.)
metall	metal	metals		
negull	negul	neguls		
nikill	nikli	nikils	niklar	líka nikkell (hvk.)
dísill	dísil, kísli	dísils		

⁵⁰ Skammstöfunin hvk. stendur fyrir hvorugkyn.

⁵¹ Skammstöfunin kk. stendur fyrir karlkyn.

Eins og má sjá í *Töflum 15–17* er beyging þessara tökuorða frekar flókin og hún er ekki eins í öllum þremur heimildunum. Öllum ber þeim þó saman um beygingu orðanna í kenniföllum. Þau fá endinguna *-s* í eignarfalli eintölu og *-ar* í nefnifalli fleirtölu séu þau til í fleirtölu. Þessar endingar teljast reglulegar, sbr. kafla 2.2. Nafnorðið *kristall* fær líka þessar sömu endingar.

En hvað varðar brottfall úr stofni hætta þessi tökuorð að haga sér reglulega ef svo má orða. Í nefnifalli fleirtölu orðanna *buffall*, *dísill* og *nikill* verður brottfall, þ.e. *bufflar*, *díslar* og *niklar*. Aftur á móti er það ekki í orðunum *kokteill*⁵² og *kóral*, þ.e. *kokteilar* og *kóralar*.

Í þágufalli eintölu eru tveir möguleikar, sbr. *Töflur 15–17*. Annaðhvort verður brottfall úr stofni og orðin fá endinguna *-i* eða ekki og þá fá orðin ekki þágufallsendinguna. Í orðunum *kanill* og *kóral* verður ekki brottfall, hvorki í *BÍN* né í *SO*, þ.e. *kanil* og *kóral*. *ÍO* getur ekki um þágufallsbeygingu orðanna. Í orðunum *kokteill* og *metall* verður ekki heldur brottfall í *BÍN*, þ.e. *kokteil* og *metal* og en orðunum *buffall* og *nikill* hins vegar verða, þ.e. *buffli* og *nikli*. Um þágufallsbeygingu þessara fjögurra orða er ekki getið í *SO*. *BÍN* og *SO* ber ekki saman um þágufallsbeygingu orðanna *kísill*, *negull* og *dísill*; í þeim verður annaðhvort brottfall, þ.e. *kísli*, *negli* og *dísli*, eða ekki, þ.e. *kísil*, *negul* og *dísil*. Hér verður nefna aftur grein Friðriks Magnússonar (1984:39) þar sem hann segir að í orðunum *kísill* og *kóral* eigi ekki að verða brottfall né eigi þau að fá þágufallsendinguna. Samræmi er þó alltaf í beygingu orðanna í einni heimild, þ.e. verði brottfall í þágufalli eintölu, gerist það líka í nefnifalli fleirtölu, t.d. *dísli/díslar*. Hið gagnstæða má sjá í *kóral/kóralar*.

Í kafla 4.4 hér á undan beygðust öll tökuorðin reglulega. En flest orð í þessum kafla eru af aðeins öðrum toga, sbr. niðurlagið í 4.4. Dýraheitið *buffall* beygist eftir beygingarreglum, þ.e. *buffli* í þágufalli eintölu og *bufflar* í nefnifalli fleirtölu. Orðið *kokteill* er drykkjarheiti. Þetta orð er ekki af sömu gerð og hin orðin og erfitt er að segja hvort gerð orðsins hafi áhrif á beyginguna. Annars eru tökuorðin í þessum kafla annaðhvort efnisheiti eða kryddheiti, orðið *kristall* meðtalið. Þessi orð eru ekki afleidd orð þó að þau endi á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*. Frekar eru þau grunnorð eins og orðin *bikar* og *pipar*.

Nú má velta því fyrir sér hvort slík tökuorð, þ.e. efnisheiti og kryddheiti, hafi aðlagast málinu þannig að í þeim verði ekki brottfall og þau fá ekki endinguna *-i* í þágufalli og hafa þannig jafnvel sína eigin beygingarreglu? Beygingardæmin hér á undan sýna þó að

⁵² Orðið *kokteill* er eina orðið sem er af gerðinni *eil-*, þ.e. með tvíhljóði.

sum orð beygist reglulega. Víst er að beyging slíkra tökuorða er ekki alveg augljós og veldur erfiðleikum. Í útvarpinu heyrst oft auglýsing þar sem talað er um afslátt af bensíni og díslí. Og auglýsingin endar svona: „Já, ég sagði díslí“. Og hvað t.d. um þágufallið *negli* og fleirtöluformið *niklar*? Það þyrfti að leita að dæmum um notkun þessara tökuorða til að geta sagt meira um beygingu þeirra en það er efni í aðra ritgerð.

4.5.3 Um beygingu nafnsins *Kristall*

En hvernig tengist allt þetta beygingu mannsnafnsins *Kristall*? Þágufallsformið *Kristal* er eins og hjá samnafninu, þ.e. *kristal*. Til dæmis beygjast tökuorðin *metall* og *kóral* eins, þ.e. *metal* og *kóral*. Þessi beyging lítur út eins og þolfallið. Þágufallið *Kristali* er eins og áðurnefnd beyging með þágufallsendingunni *-i*. Engin tökuorð hér á undan beygjast með þessu móti, sbr. t.d. hvorki **kanili* né **neguli*.

Hér verður að hafa í huga að mannanöfn beygjast ekki endilega eins og samnöfn. Í því sambandi má vísa til þess sem haft var eftir Höskuldi Þráinssyni (1995, 2006:201–202) í 2.3. Jafnframt má geta þess að Höskuldur segir að sterk karlkynssérnöfn fái oftast þágufallsendingu og gerð stofnsins hafi ekki áhrif á það. Áður, í 2.5, var vísað til þess sem Friðrik Magnússon (1984:41) sagði um nöfnin *Gunnar* og *Baldur* og þágufallsmyndir þeirra. Friðrik bendir m.a. á að brottfallsreglan virki misjafnlega á sérnöfn. Því er við að bæta að þannig væri hægt að hafa skilyrði fyrir þágufallsformið *Kristali*.

Þess ber að geta að það er engin nefnifallsending í mannanöfnunum *Gunnar* og *Baldur* en nafnið *Kristall* er flóknara. Í *BÍN* eru sýndar beygingarnar *Kristall* í þolfalli, *Kristalli* í þágufalli og *Kristalls* í eignarfalli (sbr. *Töflu* 9 í kafla 3.6.8); þar er því engin nefnifallsending. Staðreyndin er þó sú að ekki er til sambærileg þágufallsbeyging hjá neinum orðum í þessari ritgerð, sbr. t.d. **kanilli* eða **negulli*. Líklegra er að nafnorðið *kristallur* og beyging þess hafi áhrif á áðurnefnda beygingarmöguleika.

4.5.4 Orðmyndin *kristallur*

Til er líka orðmyndin *kristallur*. Það beygist í kenniföllum: *kristallur*, *kristalls*, *kristallar* (sbr. *ÍO* 2010:547). Beyging orðsins í *BÍN* er í *Töflu* 18 hér á eftir. Í *SO* (2006:318) er líka gefið dæmi um þágufallsbeyginguna: „úr kristalli“. Í orðmyndinni *kristallur* er *-ur* nefnifallsending og *-il-* er partur af stofninum en ekki viðskeyti. Beyging þess orðs telst því auðveld. Stofn orðsins endar á tveim samhljóðum, því verður ekki brottfall og orðið fær endinguna *-i* í þágufalli eintölu, sbr. kafla 2.3. Til dæmis beygjast orðin *kollur* og *pallur* eins og þau eru í þágufalli eintölu *kolli* og *palli* (sbr. *BÍN*).

Tafla 18: Beyging nafnorðsins *kristallur* (BÍN)

nf.et.	kristallur	nf.flt.	kristallar
þf.et.	kristall	þf.flt.	kristalla
þgf.et.	kristalli	þgf.flt.	kristöllum
ef.et.	kristalls	ef.flt.	kristalla

Orðmyndin *kristallur* hefur greinilega áhrif á beygingu nafnorðsins *kristall* (og þá nafnsins *Kristall*) vegna þess að menn átta sig kannski ekki á því að til séu tvö orð. Þetta sést t.d. í grein eftir Sigurð Steinþórsson (2016) á *Vísindavefnum* þar sem hann talar um *kristall* í eintölu en um *kristallar* í fleirtölu. Af orðinu *kóral* er einnig til orðmyndin *kóralur* í *ÍO* (2010:543) og beyging þess í kenniföllum er *kóralis*, *kóralar*.

4.5.5 Nokkur eldri orð

Þeir erfiðleikar við þágufallsbeyginguna, sem hér hafa svo mjög verið til umræðu, ættu ekki að koma á óvart enda eru þeir ekki nýir í málinu. Karl Emil Gunnarsson (2002:36) fjallar um nokkur orð í pistli sínum *Íslenskt mál* og spyr t.d. hvort lesendur borði grjónagraut fremur „með kanil og sykri“ en „með kanli og sykri“. Í sama pistli fjallar hann líka um gamla orðið *Yggdrasill*. Hann segir að orðið *drasill* sé talið hafa merkinguna ‘hestur’. En hann nefnir að „engum þótti gott að ríða á drasli“. Þannig sé betra að beygja orðið *drasill* í þágufalli eins og í þolfalli, þ.e. *drasil*. Karl nefnir líka gömlu hrafnanöfnin *Huginn* og *Muninn* sem enda á *-in-* eins og orðið *himinn*. Í kafla 2.2 var sagt að orð sem enda á *-in-*, *-un-* eða *-an-* beygðust eins og orð sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*. Friðrik Magnússon (1984:41) segir að í nöfnunum *Huginn* og *Muninn* verði ekki brottfall og þau fái ekki þágufallsendinguna og séu í þágufalli *Hugin* og *Munin*. Hann nefnir hins vegar ekki þau sem hefðu átt að vera til: **Hugni* og **Munni*. Þessir erfiðleikar halda líklega áfram því að Höskuldur Þráinsson (1995, 2006:316) segir að brottfallið sé „sprelllifandi“ í málinu.

4.6 Samantekt

Hér á undan hefur verið fjallað um flest mannanöfnin og mörg nýyrði og tökuorð. Eiginöfnin *Hergill* og *Þyrill* voru ekki til umfjöllunar vegna þess að uppruni þeirra er ekki alveg ljós. Nafnið *Virgill* er eina nafnið sem líklega hefur erlent nafn sem fyrirmynd og

Þess vegna ákvað ég að sleppa því líka. Annars gekk nokkuð vel að bera hin mannanöfnin saman við nýyrði og tökuorð.

Í ritgerðinni hefur verið fjallað um orð sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*. Stundum er þessi ending viðskeyti en alls ekki alltaf. Flest mannanöfn eða þrettán enda á *-il-*. Öll nýyrðin í kafla 4.3 enda á *-il-* og einnig flest tökuorð í kafla 4.4. Tvö nöfn, *Jökull* og *Röðull*, enda á *-ul-*. Nafnið *Jökull* var þó borið saman við nýyrðin vegna þess að samnafnið *jökull* er afleitt og var þetta eina orðið í kafla 4.3 sem endaði ekki á *-il-*. Í kafla 4.4 voru tvö orð sem enduðu á *-ul-*, þ.e. mannsnafnið *Röðull* og tökuorðið *segull*.

Athugavert er að engin orð í áður nefndum tveimur köflum enda á *-al-*. *Kristall* er eina nafnið sem endar með þessa endingu. Í kafla 4.5 voru skoðuð nokkur orð sem enda á *-al-* en til voru líka orð sem enda á *-il-* eða *-ul-*. Væri kannski hægt að segja að endingin *-al-* kalli á óreglulega beygingu, a.m.k. hjá tökuorðum. En tökuorðið *buffall* beygist þó reglulega. Auk þess er viðskeytið *-al-* líka notað við nýyrðasmíð og er nýyrðið *rafall* gott dæmi um það. Það er myndað með viðskeytinu *-al-* af nafnorðinu *raf* og hefur merkinguna ‘tæki sem breytir vélrænni orku í raforku’ (sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:738). Heimildum ber þó ekki öllum saman um þágufallsbeygingu þess orðs heldur. Það beygist í þágufalli eintölu *rafal* í *BÍN* en *SO* (2006:436) gefur dæmið: „bilun í rafli“ um þágufall.

Svo virðist að orðin sem mynduð eru með viðskeyti beygist yfirleitt reglulega. Þannig voru nýyrðin og mannanöfnin í kafla 4.3. En tökuorðin sem skoðuð voru í kafla 4.4 beygjast líka reglulega þó að þau séu ekki afleidd orð. Hins vegar var ekki beyging allra þessara tökuorða sem skoðuð voru í kafla 4.5 regluleg. Þannig getur verið að merking orða hafi einnig áhrif á beygingu þeirra. Tökuorðin í kafla 4.4 voru öðruvísi í eðli sínu en tökuorðin í kafla 4.5. Svo virðist að í málinu sé tilhneiging til þess að tökuorð sem eru efnisheiti eða kryddorð beygist ekki alltaf eftir þeim beygingarreglum sem sýndar voru í köflum 2.2 og 2.3.

Hugsanlega væri betra ef slík tökuorð myndu aðlagast málinu með nefnifallsendinguna *-ur*, sbr. *kristallur* og *kóralur*. Þá væri ljósara en ella að orð væru ekki afleidd og beyging þeirra því auðveldari. Einn möguleiki væri líka að orðin væru í hvorugkyni eins og orðmyndin *kóral*. Nokkur tökuorð í kafla 4.5 hafa nú þegar hvorugkynsorðmynd, sbr. t.d. *Töflu 17*. Orðið *kóral* beygist í fleirtölu *kóral*, sbr. (*ÍO* 2010:543). Þetta er þá hlíðstæða við orðið *meðal*, í fleirtölu *meðul* eða *meðöl* (sbr. *ÍO* 2010:653).

5. KAFLI

LOKAORÐ

Mikilvægt er að læra góðan framburð orða þegar er nýtt tungumál er numið. Annars getur verið erfitt að skilja það sem sagt er. Mér finnst þó að jafnmikilvægt sé að læra beygja orðin. Þegar orðaforðinn eykst hjá okkur sem lærum íslensku sem annað mál verðum við halda áfram náminu. Í íslensku eins og öðrum tungumálum eru margar beygingarreglur. Flokkun orðanna getur gefið vísbendingu um beyginguna.

Í þessari ritgerð hefur einn beygingarflokkur sterkra karlkynsorða verið skoðaður. Hjá Guðrúnu Kvaran (2005:224–225) teljast sterk, tvíkvæð karlkynsnafnorð sem enda á *-il-*, *-ul-*, *-al-*, *-in-*, *-an-* og *-un-* til flokksins. Í öðrum kafla var reynt að mynda beygingarreglu slíkra orða. Að mörgu leyti var hægt að mynda þessa reglu. Þar á eftir, í þriðja kafla, voru skoðuð sextán karlmansnöfn sem enda á *-il-*, *-ul-* eða *-al-*. Þar kom í ljós að nöfnin beygðust reglulega, a.m.k. í heimildum. Þá var fjallað um nafnið *Kristall* og mörg nýyrði og tökuorð í fjórða kafla. Í ljós kom að í málinu eru mörg orð sem beygjast ekki reglulega. Undantekningar eru víst alltaf til staðar. En þó verður að segja að óvenju mörg slík orð eru til.

Mikilvægt er að huga að merkingu orða og líka skoða hvernig þau eru notuð í málinu. Orðabókarbeygingin er ekki endilega alltaf „sú rétta“. Þetta sést t.d. í titli ritgerðarinnar: „Fíflí finnst gaman að ríða á drasli“. Þágufallsformin *Fíflí* og *drasli* teljast regluleg. En engum, a.m.k. ekki mér, finnst gaman að ríða á lélegum hesti, þ.e. á drasli. Þannig er hægt að skilja titilinn líka að bara fíflí finnist gaman að ríða á drasli.

HEIMILDASKRÁ

- Alexander Jóhannesson. 1927. *Die Suffixe im Isländischen*. Verlag von Max Niemeyer, Halle (Saale).
- Ari Páll Kristinsson. 2004. *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða*. Smárit Íslenskrar málnefndar 3. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1998. *Íslenska fyrir útlendinga. Kennslubók í málfræði*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://bin.arnastofnun.is/forsida/>
- Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason. 2014. *Orðbragð*. Forlagið, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1986. *Nokkur viðskeyti og tíðni þeirra*. Sótt 6. október 2015 af <https://notendur.hi.is/eirikur/vidsk.pdf>
- Friðrik Magnússon. 1984. Ein lítil beygingarending. *Mímir* 32:33–43.
- Guðrún Kvaran. 2005. Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. *Íslensk tunga II*. Almenna bókfélagið, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson. 2011. *Nöfn Íslendinga*. Forlagið, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran. 2012. Mannanöfn. *Handbók um íslensku*, bls. 309–314. Ritstj. Jóhannes B. Sigtryggsson. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Hagstofa Íslands. 2016. Hve margir heita. Talnaefni. Sótt 1. mars 2016 af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/nofn/>
- Höskuldur Þráinsson. 1995, 2006. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Kópavogi.
- Innanríkisráðuneytið. 2014. Mannanafnanefnd – úrskurðir. Mál nr. 94/2014. Sótt 24. janúar 2015 af <http://www.urskurdir.is/DomsOgKirkjumala/Mannanafnanefnd/nr/7316>
- Innanríkisráðuneytið. 2016. Meginreglur um mannanöfn. Sótt 14. febrúar 2016 af http://www.urskurdir.is/DomsOgKirkjumala/Mannafnaskra/Um_nofn/
- Íslensk orðabók*. 2010. Ritstj. Mörður Árnason. Forlagið, Reykjavík.

- Jóhannes B. Sigtryggsson og Ari Páll Kristinsson. 2012. Tökuorð: ábendingar um rithátt. *Handbók um íslensku*, bls. 239–242. Ritstj. Jóhannes B. Sigtryggsson. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Karl Emil Gunnarsson. 2002. Íslenskt mál. *Morgunblaðið*, 20. júlí.
- Langendonck, Willy Van. 2007. *Theory and Typology of Proper Names*. Mouton de Gruyter, Berlín, New York.
- Lyons, John. 1977. *Semantics*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn
- Saeed, John I. 2003. *Semantics*. 2. útgáfa. Blackwell, Oxford.
- Sigurður Steinþórsson. 2016. Hvað er kristall og af hverju myndast hann? *Vísindavefurinn*. Jarðvísindi; Eðlisfræði – fræðilegt. Sótt 1. apríl 2016 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=11809>
- Stafsetningarorðabókin*. 2006. Ritstj. Dóra Hafsteinsdóttir. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Sölvi Sveinsson. 2004. *Saga orðanna*. Iðunn, Reykjavík.
- Þjóðskrá Íslands. 2016. Mannanafnaskrá. Sótt 24. janúar 2016 af <https://www.island.is/mannanafn/leit-ad-nafni/?Stafrof=&Nafn=&Drengir=on&Samthykkt=yes>
- Timarit.is*. Stafrænt safn. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. <http://timarit.is/>
- Þorsteinn G. Indriðason. 1994. *Regluvirkni í orðasafni og utan þess*. Um lexíkalska hljóðkerfisfræði í íslensku. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2008. Um virkar og frjósamar orðmyndunarreglur í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 30:93–120.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2010. Til varnar hljóðkerfisreglu. Nokkrar athugasemdir við umræðugrein. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 32:137–149.
- Slóðir með skýringardæmum í kafla 3 má sjá með viðkomandi dæmum. Þær verða ekki endurteknar hér.

VIÐHENGI 1.

Beyging mannanafna sem skoðuð voru í kafla 3.6.1–3.6.16 í heimildum

(X = heimild getur um nafnið)

Nafn	<i>BÍN</i>	<i>Nöfn Íslendinga</i> (2011)	<i>Íslensk orðabók</i> (2010)	<i>Stafsetningar- orðabókin</i> (2006)
Egill	X	X	X	X
Engill	X	X	bara sem nafnorð	bara sem nafnorð
Fífill	X	X	X	X
Hergill	X	X	nei	nei
Hnefill	X	X	nei	X
Jökull	X	X	X	X
Ketill	X	X	X	X
Kristall	X	X	bara sem nafnorð	bara sem nafnorð
Röðull	X	X	X	bara sem nafnorð
Skefill	X	X	bara sem nafnorð, sem sækunungsheiti	bara sem nafnorð
Smyrill	X	X	bara sem nafnorð	bara sem nafnorð
Virgill	X	X	bara sem nafnorð	nei
Vífill	X	X	X	X
Yrkill	X	X	nei	nei
Pengill	X	X	X	X
Pyrill	X	nei	bara sem nafnorð	bara sem nafnorð